

Tillaga til þingsályktunar

um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2012 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.

(Lögð fyrir Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2012, frá 10. febrúar 2012, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánsþjónustufyrirtæki.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

1. Inngangur.

Með þingsályktunartillögu þessari er leitað heimildar Alþingis til staðfestingar á ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2012, frá 10. febrúar 2012, um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánsþjónustufyrirtæki.

Meginmarkmið reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 er að tryggja stöðugleika fjármálamarkaða og fjárfesta. Í reglugerðinni eru settar reglur sem eiga að tryggja að öll lánsþjónustufyrirtæki sem gefin eru út af matsfyrirtækjum sem eru skráð innan Evrópusambandsins séu af sambærilegum gæðum og unnin af matsfyrirtækjum sem lúta ströngustu reglum.

Í tillögu þessari er gerð grein fyrir efni gerðarinnar sem hér um ræðir, en hún felur ekki í sér breytingar á þeim meginreglum sem í EES-samningnum felast. Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar sem hér um ræðir er prentuð sem fylgiskjal með tillögu þessari ásamt gerðinni sjálfri.

2. Um stjórnskipulegan fyrirvara.

Samkvæmt EES-samningnum skuldbinda ákvarðanir sameiginlegu EES-nefndarinnar aðildarríkin að þjóðarétti um leið og þær hafa verið teknar, nema eitthvert þeirra beiti heimild skv. 103. gr. EES-samningsins til að setja fyrirvara um að ákvörðun geti ekki orðið bindandi strax vegna stjórnskipulegra skilyrða heima fyrir. Viðkomandi aðildarríki hefur þá sex mánaða frest frá töku ákvörðunar í sameiginlegu nefndinni til að aflétta fyrirvaranum.

Að því er Ísland varðar hefur stjórnskipulegur fyrirvari almennt einungis verið settur þegar innleiðing ákvörðunar kallar á lagabreytingar hér landi, en í því tilviki leiðir af 21. gr. stjórnarskrárinnar að afla ber samþykkis Alþingis áður en ákvörðun er staðfest. Slíkt sam-

þykki getur Alþingi alltaf veitt samhliða viðeigandi lagabreytingu, en einnig hefur tíðkast að heimila stjórnvöldum að skuldbinda sig að þjóðarétti með þingsályktun áður en landsréttinum er með lögum breytt til samræmis við viðkomandi ákvörðun.

Áður nefnd 21. gr. stjórnarskrárinnar tekur til gerðar þjóðréttarsamninga en hún á augljóslega einnig við um þau tilvik þegar breytingar eru gerðar á slíkum samningum. Samkvæmt ákvæðinu er samþykki Alþingis áskilið ef samningur felur í sér afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef hann horfir til breytinga á stjórnarhöfum ríkisins. Síðarnefnda atriðið hefur verið túlkað svo að samþykki Alþingis sé áskilið ef gerð þjóðréttarsamnings kallar á laga-breytingar hér á landi.

Umrædd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar felur í sér breytingu á EES-samningnum en þar sem hún kallar á lagabreytingar hér á landi var hún tekin með stjórnskipulegum fyrirvara. Í samræmi við það sem að framan segir er óskað eftir samþykki Alþingis fyrir þeirri breytingu á EES-samningnum sem í ákvörðuninni felst.

3. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki.

Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 eru settar reglur sem eiga að tryggja að öll lánsþæfismöt sem gefin eru út af matsfyrirtækjum sem eru skráð innan Evrópu-sambandsins séu af sambærilegum gæðum og unnin af matsfyrirtækjum sem lúta ströngustu reglum. Meginmarkmið reglugerðarinnar er að tryggja stöðugleika fjármálamarkaða og fjárfesta.

Í reglugerðinni er m.a. fjallað um kröfur sem matsfyrirtæki sem skráð eru innan ESB þurfa að uppfylla. Einnig eru tilgreindar þær kröfur sem gerðar eru til staðfestingar á lánsþæfismötum sem eru gefin út af matsfyrirtækjum sem skráð eru utan ESB. Settar eru tilteknar takmarkanir á notkun banka og annarra fjármálastofnana á lánsþæfismötum. Eftirlit bærra eftirlitsaðila aðildarríkja með matsfyrirtækjum og starfsemi þeirra innan Evrópu er enn fremur hert. Loks eru settar kröfur varðandi skipulag og starfsemi matsfyrirtækja svo sem varðandi sjálfstæði, hagsmunaaðreksa, innri gæðastjórnun og eftirfylgni.

4. Lagabreytingar og hugsanleg áhrif hér á landi.

Innleiðing reglugerðar (EB) nr. 1060/2009 kallar á lagabreytingar hér á landi og hyggst efnahags- og viðskiptaráðherra leggja fram lagafrumvarp á næsta löggjafarþingi til innleiðingar á henni. Þar sem ekki er nein gildandi löggjöf um lánsþæfismatsfyrirtæki mun innleiðing reglugerðarinnar vera gerð með nýjum lögum.

Ekki er gert ráð fyrir að innleiðing reglugerðarinnar muni hafa í för með sér teljandi efnahagslegar eða stjórnsýslulegar afleiðingar.

Fylgiskjal I.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 20/2012**

frá 10. febrúar 2012

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2011 frá 21. október 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki ⁽²⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 350, 29.12.2009, bls. 59.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 31ea (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB) í IX. viðauka við samninginn:

„31eb. **32009 R 1060:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 350, 29.12.2009, bls. 59.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1060/2009, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 350, 29.12.2009, bls. 59, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 341, 22.12.2011, bls. 81, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 22.12.2011, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Gianluca Grippa
starfandi formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fylgiskjal II.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1060/2009

frá 16. september 2009

um lánsþæfismatsfyrirtæki

(Texti sem varðar EES)

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAM-
BANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,
einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar
Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um
í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Lánsþæfismatsfyrirtæki gegna mikilvægu hlut-
verki á alþjóðlegum verðbréfa- og bankamark-
aði þar sem fjárfestar, lántakendur, útgefendur
og ríkisstjórnir nota lánsþæfismat þeirra við
upplýsta ákvarðanatöku varðandi fjárfestingar
og fjármögnun. Lánastofnanir, fjárfestingar-
fyrirtæki, váttryggingafélög, líftryggingarfélög,
endurtryggingafélög, verðbréfasjóðir (UCITS),
og stofnanir um starfstengdan lífeyri geta notað
þetta lánsþæfismat sem viðmiðun við útreikning
á eiginfjárkröfum að því er varðar gjaldþol eða
við útreikning á áhættu í fjárfestingarstarfsemi
sinni. Af þessum sökum hefur lánsþæfismat
marktæk áhrif á starfsemi markaða og á traust
og tiltrú fjárfesta og neytenda. Því er nauðsyn-
legt að lánsþæfismatsstarfsemi sé unnin í sam-
ræmi við meginreglur um ráðvæðni, gagnsæi,
ábyrgð og góða stjórnunarhætti til að tryggja að
niðurstöður úr lánsþæfismati, sem notaðar eru
innan Bandalagsins, séu óháðar, hlutlægar og
nægilega vandaðar.
- 2) Eins og sakir standa eru höfuðstöðvar flestra

lánsþæfismatsfyrirtækja utan Bandalagsins.
Flest aðildarríki setja ekki reglur um starfsemi
lánsþæfismatsfyrirtækja eða skilyrði fyrir útgáfu
lánsþæfismats. Þrátt fyrir mikilvægi þeirra fyrir
starfsemi fjármálamarkaða falla lánsþæfismats-
fyrirtæki aðeins að takmörkuðu leyti undir lög
Bandalagsins, einkum undir tilskipun Evrópu-
þingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar
2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun ⁽⁴⁾.
Auk þess vísa tilskipun Evrópuþingsins og ráðs-
ins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og
rekstur lánastofnana ⁽⁵⁾ og tilskipun Evrópu-
þingsins og ráðsins 2006/49/EB frá 14. júní
2006 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja
og lánastofnana ⁽⁶⁾ til lánsþæfismatsfyrirtækja.
Því er mikilvægt að mæla fyrir um reglur sem
 tryggja að nægilega sé vandað til lánsþæfismats,
sem lánsþæfismatsfyrirtæki, sem skráð eru í
Bandalaginu, gefa út og að lánsþæfismatsfyrir-
tæki, sem gefa matið út, séu háð ströngum kröf-
um. Framkvæmdastjórnin mun vinna áfram með
alþjóðlegum samstarfsaðilum sínum að því að
 tryggja samleitni reglna sem gilda um láns-
þæfismatsfyrirtæki. Unnt skal vera að undan-
þiggja tiltekna seðlabanka, sem gefa út láns-
þæfismat, frá þessari reglugerð, að því tilskildu
að þeir uppfylli viðeigandi og gildandi skilyrði
sem tryggja óhæði og heilindi við lánsþæfis-
matsstarfsemi þeirra og eru jafn ströng og skil-
yrðin sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

- 3) Samkvæmt þessari reglugerð skal það ekki gert
að almennri skyldu að fjármálagæmingar eða
fjárskuldbindingar séu metnar samkvæmt henni.
Samkvæmt þessari reglugerð skal þess ekki
krafist að verðbréfasjóðir (UCITS), eins og þeir
eru skilgreindir í tilskipun ráðsins 85/611/EBE
frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum
og stjórnsluþyrirmælum um fyrirtæki um sam-
eiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verð-

⁽¹⁾ Álit frá 13. maí 2009 (hefur enn ekki verið birt í
Stjórnartíðindum ESB).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 115, 20.5.2009, bls. 1.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 23. apríl 2009 (hefur enn ekki
verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins
frá 27. júlí 2009.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 201.

bréfum (verðbréfasjóði (UCITS) ⁽¹⁾) eða stofnanir um starfstengdan lífeyri, eins og þær eru skilgreindar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri ⁽²⁾, fjárfesti aðeins í fjármálagerningum sem eru metnir samkvæmt þessari reglugerð.

- 4) Þessi reglugerð ætti ekki að gera það að almennti skyldu fjármálastofnana eða fjárfesta að fjárfesta aðeins í verðbréfum, sem útboðslýsing hefur verið birt fyrir í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar ⁽³⁾ og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004/EB frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar ⁽⁴⁾ Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga, og eru metin samkvæmt þessari reglugerð. Auk þess skal þess ekki krafist samkvæmt þessari reglugerð að útgefendur eða tilboðsgjafar eða aðilar, sem óska eftir heimild til að eiga viðskipti á skipulegum markaði, fái lánshæfismat á verðbréf sem falla undir kröfur um að birta útboðslýsingu samkvæmt tilskipun 2003/71/EB og reglugerð (EB) nr. 809/2004.
- 5) Í útboðslýsingu, sem birt er samkvæmt tilskipun 2003/71/EB og reglugerð (EB) nr. 809/2004, skulu vera skýrar og áberandi upplýsingar um það hvort lánshæfismatsfyrirtæki, sem er stofnsett í Bandalaginu og skráð samkvæmt þessari reglugerð, gefur út lánshæfismat viðkomandi verðbréfa. Þó skal ekkert í þessari reglugerð koma í veg fyrir að aðilar, sem eru ábyrgir fyrir birtingu útboðslýsingar samkvæmt tilskipun 2003/71/EB og reglugerð (EB) nr. 809/2004, gefi mikilvægar upplýsingar í útboðslýsingu, þ.m.t. lánshæfismat sem gefið er út í þriðju löndum og tengdar upplýsingar.
- 6) Auk þess að gefa út lánshæfismat og stunda lánshæfismatsstarfsemi skulu lánshæfismats-

fyrirtæki einnig eiga þess kost að reka stöðstarfsemi í atvinnuskyni. Rekstur stöðstarfsemi skal ekki tefla óhæði eða heilindum lánshæfismatsstarfsemi lánshæfismatsfyrirtækja í tvísýnu.

- 7) Þessi reglugerð gildir um lánshæfismat sem lánshæfismatsfyrirtæki, sem skráð eru innan Bandalagsins, gefa út. Meginmarkmiðið með þessari reglugerð er að vernda stöðugleika fjármálamarkaða og fjárfesta. Lánshæfiseinkunnir, lánshæfiseinkunnakerfi og sambærilegt mat í tengslum við skuldbindingar vegna neytenda-, viðskipta- eða atvinnutengsla skulu ekki falla innan gildissviðs þessarar reglugerðar.
- 8) Lánshæfismatsfyrirtæki skulu, af frjálsum vilja, beita grundvallarsíðareglum fyrir lánshæfismatsfyrirtæki (e. Code of Conduct Fundamentals for credit rating agencies) sem gefnar eru út af Alþjóðasamtökum eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (IOSCO-reglurnar). Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá árinu 2006 um lánshæfismatsfyrirtæki ⁽⁵⁾ er samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila (CESR), sem var komið aftur á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB ⁽⁶⁾, hvött til að hafa eftirlit með því að farið sé að IOSCO-reglunum og skila árlega skýrslu þess efnis til framkvæmdastjórnarinnar.
- 9) Leiðtogaráðið samþykkti þann 13. og 14. mars 2008 ályktanir í þeim tilgangi að bæta úr helstu veikleikum sem greinast í fjármálakerfinu. Eitt markmiðanna var að bæta starfsemi markaða og hvatningarkerfi, þ.m.t. hlutverk lánshæfismatsfyrirtækja.
- 10) Lánshæfismatsfyrirtæki eru gagnrýnd fyrir, í fyrsta lagi, að hafa ekki endurspeglad nógu fljótt versnandi markaðsaðstæður í lánshæfismati sínu og, í öðru lagi, fyrir að leiðrétta ekki lánshæfismat sitt tímanlega í kjölfar dýpkandi kreppu á markaði. Besta aðferðin við að leiðrétta þessi mistök er að gera ráðstafanir varðandi hagsmunaaðrekkstra, gæði lánshæfismats, gagnsæi og innra eftirlit lánshæfismatsfyrirtækja og vöktun á starfsemi lánshæfismatsfyrirtækja. Notendur lánshæfismats skulu ekki reiða sig í blindni á lánshæfismat heldur leggja sig fram um að gera eigin greiningu og framkvæma ávallt viðeigandi áreiðanleikakönnun varðandi traust þeirra á þess háttar lánshæfismati.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3. Frá og með 1. júlí 2011 kemur tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB í stað tilskipunarinnar (sjá bls. 32 í þessum stjórnartíðindum).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 235, 23.9.2003, bls. 10.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 149, 24.4.2004, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB C 59, 11.3.2006, bls. 2.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 25, 29.1.2009, bls. 18.

- 11) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um sameiginlegan regluramma til að auka gæði lánshæfismats, einkum gæði lánshæfismats sem er til afnota fyrir fjármálastofnanir og aðila sem heyra undir samræmdar eftirlitsreglur innan Bandalagsins. Ef sameiginlegur rammi er ekki fyrir hendi er hætta á að aðildarríki geri mismunandi ráðstafanir á landsvisu og hafi þannig bein neikvæð áhrif á og hindri góða starfsemi innri markaðarins þar eð lánshæfismatsfyrirtæki, sem gefa út lánshæfismat til afnota fyrir fjármálastofnanir innan Bandalagsins, féllu undir mismunandi reglur í mismunandi aðildarríkjum. Mismunandi gæðakröfur að því er varðar lánshæfismat geta auk þess leitt til mismikillar verndar fjárfesta og neytenda. Notendur ættu að auki að geta borið saman lánshæfismat, sem er gefið út innan Bandalagsins, og lánshæfismat sem gefið er út á alþjóðavettvangi.
- 12) Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á afnot annarra aðila af lánshæfismati en þeirra sem um getur í þessari reglugerð.
- 13) Æskilegt væri að kveða á um notkun lánshæfismats sem gefið er út í þriðju löndum vegna eftirlits innan Bandalagsins, að því tilskildu að matið uppfylli kröfur sem eru jafn strangar og þær sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Með þessari reglugerð er tekið upp áritunarfyrirkomulag sem gerir lánshæfismatsfyrirtækjum, sem stofnsett eru í Bandalaginu og skráð í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar, kleift að samþykka lánshæfismat sem gefið er út í þriðju löndum. Við samþykki á lánshæfismati, sem gefið er út í þriðja landi, skulu lánshæfismatsfyrirtæki ákvarða og fylgjast með á áframhaldandi grundvelli hvort lánshæfismatsstarfsemi, sem leiðir til útgáfu slíks lánshæfismats, uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til útgáfu lánshæfismats og séu jafn strangar og þær sem kveðið er á um í þessari reglugerð og ná þar með sömu markmiðum og áhrifum í raun.
- 14) Til að bregðast við áhyggjum af því að lánshæfismatsfyrirtæki séu ekki stofnsett í Bandalaginu og að það geti komið í veg fyrir skilvirkt eftirlit, að teknu tilliti til bestu hagsmuna fjármálamarkaða innan Bandalagsins, skal þess háttar áritunarfyrirkomulag tekið upp fyrir lánshæfismatsfyrirtæki sem eru í eignatengslum eða nánu samstarfi við lánshæfismatsfyrirtæki í Bandalaginu. Eigi að síður getur verið nauðsynlegt að laga að tilteknum aðstæðum kröfur um að lánshæfismatsfyrirtæki hafi raunaðstöðu í Bandalaginu, nánar tiltekið að því er varðar lítil lánshæfismatsfyrirtæki frá þriðju löndum sem hafa ekki raunaðstöðu innan Bandalagsins eða eignatengsl innan þess. Því skal koma sérstöku fyrirkomulagi á við vottun slíkra lánshæfismatsfyrirtækja, svo fremi þau séu ekki kerfislega mikilvæg fyrir fjárhagslegan stöðugleika eða heilindi fjármálamarkaða eins eða fleiri aðildarríkja.
- 15) Vottun skal vera möguleg eftir að framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun um jafngildi laga- og eftirlitsramma þriðja lands og krafna þessarar reglugerðar. Fyrirhuguð aðferð við ákvörðun jafngildis veitir ekki sjálfkrafa aðgang að Bandalaginu en skal gefa viðurkenndum lánshæfismatsfyrirtækjum þriðju landa kost á mati, í hverju tilviki fyrir sig, og undanþágu frá sumum þeirra skipulagskrafna sem gerðar eru til lánshæfismatsfyrirtækja sem starfa innan Bandalagsins, þ.m.t. skilyrðin um raunaðstöðu innan Bandalagsins.
- 16) Samkvæmt þessari reglugerð skal einnig gerð krafa um að lánshæfismatsfyrirtæki þriðja lands uppfylli viðmiðanir, sem eru almennar forsendur fyrir heilleika lánshæfismatsstarfsemi þess, í því skyni að koma í veg fyrir afskipti lögbærra yfirvalda og annarra opinberra aðila viðkomandi þriðja ríkis af inntaki lánshæfismats og til að kveða á um fullnægjandi stefnu um meðferð hagsmunaárekstra, starfsvíxlun greinenda og reglubundna birtingu upplýsinga á áframhaldandi grunni.
- 17) Önnur mikilvæg forsenda fyrir traust áritunarfyrirkomulag og jafngildiskerfi er traust fyrirkomulag samvinnu milli lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkja og viðeigandi lögbærra yfirvalda lánshæfismatsfyrirtækja í þriðju löndum.
- 18) Lánshæfismatsfyrirtæki, sem hefur samþykkt lánshæfismat útgefið í þriðja landi, skal bera fulla og skilyrðislausu ábyrgð á þess háttar samþykktu lánshæfismati og því að viðeigandi skilyrði, sem um getur í þessari reglugerð, séu uppfyllt.
- 19) Þessi reglugerð gildir ekki að því er varðar lánshæfismat sem lánshæfismatsfyrirtæki gerir samkvæmt stakri pöntun og afhendir aðeins þeim aðila sem pantaði matið og sem er ekki ætlað til opinberrar birtingar eða dreifingar samkvæmt áskrift.
- 20) Fjárfestingarrannsókn, fjárfestingarráðleggingar og annað álit á verðmæti eða verði fjármála-

- germings eða fjárskuldbindingar skal ekki teljast vera lánshæfismat.
- 21) Óumbeðið lánshæfismat, nánar tiltekið lánshæfismat sem er gert án þess að útgefandi eða metin eining óski eftir því, skal vera tilgreint sem slíkt með skýrum hætti og gerður skal greinarmunur á því og umbeðnu lánshæfismati með viðeigandi hætti.
 - 22) Til að koma í veg fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra skulu lánshæfismatsfyrirtæki einskorða sig við eigin atvinnustarfsemi sem er útgáfa á lánshæfismati. Lánshæfismatsfyrirtæki er ekki heimilt að veita ráðgjöf eða ráðgjafarþjónustu. Lánshæfismatsfyrirtæki ber einkum að forðast að gera tillögur eða ráðleggja varðandi uppbyggingu samsetts fjármálagermings. Lánshæfismatsfyrirtæki skal þó geta veitt stoðþjónustu ef það veldur ekki hættu á hagsmunaárekstri við útgáfu lánshæfismats.
 - 23) Lánshæfismatsfyrirtæki skulu nota matsaðferðir sem eru strangar, kerfisbundnar, samfelldar og með fyrirvara um fullgildingu, þ.m.t. viðeigandi fyrri reynsla og afturvirkar prófanir. Þessi skilyrði skulu þó ekki verða tilefni til afskipta lögþærra yfirvalda og aðildarríkja af inntaki lánshæfismats og aðferðum við gerð þess. Eins skulu kröfur um að lánshæfismatsfyrirtæki endurskoði lánshæfismat a.m.k. árlega ekki hafa áhrif á skyldu lánshæfismatsfyrirtækja til að hafa samfellda vöktun á lánshæfismati og endurskoða lánshæfismat eftir þörfum. Þessum skilyrðum skal ekki beitt þannig að það hindri ný lánshæfismatsfyrirtæki í að koma inn á markaðinn.
 - 24) Lánshæfismat skal vera þaulhugsað og vel rökstutt til að forðast tilslakanir.
 - 25) Lánshæfismatsfyrirtæki skulu opinberlega birta upplýsingar um aðferðir, líkön og helstu matsforsendur sem þau beita í lánshæfismatsstarfsemi sinni. Sundurliðun í birtingu upplýsinga að því er varðar líkön skal vera þannig að fullnægjandi upplýsingar séu veittar til að notendur lánshæfismats geti gert eigin áreiðanleikakannanir við mat á því hvort þeir geti reitt sig á lánshæfismat eða ekki. Birting upplýsinga um líkön skal þó ekki leiða viðkvæmar viðskiptaupplýsingar í ljós eða koma í veg fyrir nýsköpun.
 - 26) Lánshæfismatsfyrirtæki skulu marka viðeigandi innri stefnur og setja verklagsreglur í tengslum við starfsmenn og aðra aðila, sem taka þátt í lánshæfismatsferlinu, til þess að koma í veg fyrir og greina, afstýra eða stjórna og upplýsa um hvers konar hagsmunaárekstra ásamt því að tryggja ávallt gæði, heildstæði og nákvæmni lánshæfismats- og endurmatsferla. Þess háttar stefnur og verklagsreglur skulu einkum taka til innra eftirlitskerfis og aðgerða til uppfyllingar ákvæðum.
 - 27) Lánshæfismatsfyrirtæki skulu forðast aðstæður sem fela í sér hagsmunaárekstra og stjórna þeim árekstrum með fullnægjandi hætti, þegar þeir eru óhjákvæmilegir, til þess að tryggja óháði sitt. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu tímanlega birta upplýsingar um hagsmunaárekstra. Þau skulu einnig halda skrá um alla þætti sem eru veruleg ógn við lánshæfismatsfyrirtæki og starfsmenn þess og aðra aðila, sem taka þátt í lánshæfismatsferlinu, sem og um þær verndar-ráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr þeim ógnum.
 - 28) Lánshæfismatsfyrirtæki eða samstæða lánshæfismatsfyrirtækja skal viðhalda fyrirkomulagi um trausta stjórnarhætti fyrirtækja. Við ákvörðun á fyrirkomulagi á stjórnarháttum lánshæfismatsfyrirtækis eða samstæðu lánshæfismatsfyrirtækja skal það taka tillit til þess að nauðsynlegt er að tryggja að lánshæfismat, sem það gefur út, sé óháð, hlutlægt og fullnægjandi að gæðum.
 - 29) Til þess að tryggja óháði lánshæfismatsferlis frá viðskiptahagsmunum lánshæfismatsfyrirtækisins sem fyrirtækis skulu lánshæfismatsfyrirtæki tryggja að a.m.k. einn þriðji, þó ekki færri en tveir, stjórnarmanna í yfirstjórn eða eftirlitsstjórn séu óháðir í samræmi við 13. lið III. þáttar tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 2005/162/EB frá 15. febrúar 2005 um hlutverk stjórnarmanna, sem eru ekki framkvæmdastjórnar, eða eftirlitsstjórnarmanna markaðsskráðra félaga, svo og um stjórnarnefndir (eftirlitsstjórnarnefndir) ⁽¹⁾. Auk þess er nauðsynlegt að meirihluti yfirstjórnar, þ.m.t. allir óháðir stjórnarmenn í yfirstjórn eða eftirlitsstjórn, hafi fullnægjandi sérþekkingu á viðeigandi sviðum fjármálaþjónustu. Regluvörður skal reglubundið skila skýrslu um framkvæmd skyldustarfa sinna til yfirstjórnar og óháðra stjórnarmanna í yfirstjórn eða eftirlitsstjórn.
 - 30) Til þess að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra skal þóknun til óháðra aðila í yfirstjórn eða

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 52, 25.2.2005, bls. 51.

eftirlitsstjórn ekki vera háð rekstrarafkomu láns-hæfismatsfyrirtækisins.

- 31) Lánsþæfismatsfyrirtæki skal ráðstafa nægilega mörgum starfsmönnum, sem hafa viðeigandi þekkingu og reynslu, til lánsþæfismatsstarfsemi sinnar. Einkum skal lánsþæfismatsfyrirtæki tryggja að fullnægjandi mannafla og fjármagni sé ráðstafað til útgáfu, vöktunar og uppfærslu lánsþæfismats.
- 32) Til þess að taka tillit til sérstakra aðstæðna lánsþæfismatsfyrirtækja sem hafa færri en 50 starfsmenn, skulu lögbær yfirvöld geta veitt þannig lánsþæfismatsfyrirtækjum undanþágu frá sumum af þeim skyldum sem lagðar eru á þau samkvæmt þessari reglugerð að því er varðar hlutverk óháðra stjórnarmanna, aðgerðir til uppfyllingar ákvæðum og víxlunarkerfi, að því tilskildu að lánsþæfismatsfyrirtækin geti sýnt fram á að þau uppfylli tiltekin skilyrði. Lögbær yfirvöld skulu einkum athuga hvort stærð lánsþæfismatsfyrirtækis hafi verið ákvörðuð til þess að koma í veg fyrir að lánsþæfismatsfyrirtæki eða samstæða lánsþæfismatsfyrirtækja fari eftir skilyrðum þessarar reglugerðar. Lögbær yfirvöld aðildarríkis skulu beita undanþágunni þannig að ekki sé hætt á að innri markaðurinn skiptist upp og að samræmd beiting á lögum Bandalagsins sé tryggð.
- 33) Langtímasamband greinenda og aðila, sem samþykkja lánsþæfismatið, við sömu metnu einingarnar eða tengda þriðju aðila getur stofnað óháði þeirra í hættu. Þessi greinendur og einstaklingar skulu því starfa samkvæmt viðeigandi víxlunarkerfi sem tryggir breytingar á greinendahópum og lánsþæfismatsnefndum, í áföngum.
- 34) Lánsþæfismatsfyrirtæki skulu tryggja að aðferðir, líkön og lykilforsendur, svo sem stærðfræði eða fylgniforsendur, sem beitt er við ákvörðun á lánsþæfismati, sé viðhaldið á tilhlýðilegan hátt, þær uppfærðar og endurskoðaðar ítarlega með reglubundnum hætti og að lýsing á þeim sé birt þannig að ítarleg skoðun sé möguleg. Í tilvikum, þar sem skortur á áreiðanlegum gögnum eða flókin samsetning nýrrar tegundar fjármála-gernings, einkum samsettra fjármögnunargerninga, vekja alvarlegar spurningar um það hvort lánsþæfismatsfyrirtækið geti unnið trúverðugt lánsþæfismat skal lánsþæfismatsfyrirtækið láta vera að gefa út lánsþæfismat eða afturkalla núverandi lánsþæfismat. Breytingar á gæðum upplýsinga, sem tiltækar eru til vöktunar á lánsþæfismati, sem hefur verið birt, skulu birtar ásamt þeirri endurskoðun og ef við á skal fara fram endurmat á viðkomandi lánsþæfismati.
- 35) Til þess að tryggja gæði lánsþæfismats skal lánsþæfismatsfyrirtæki gera ráðstafanir til að tryggja áreiðanleika þeirra upplýsinga sem notaðar eru við gerð matsins. Í þeim tilgangi skal lánsþæfismatsfyrirtæki m.a. geta treyst á reikningskil, sem endurskoðuð eru af óháðum aðilum, og opinberar yfirlýsingar; sannprófun virtra, þriðju aðila; athugun á slembiúrtaki úr veittum upplýsingum; eða sanningsákvæði þar sem skýrt er kveðið á um bótaábyrgð vegna metinnar einingar eða tengdra þriðju aðila ef upplýsingarnar, sem birtar eru samkvæmt samningnum, eru að verulegu leyti vísvitandi rangar eða villandi eða ef metna einingin eða tengdi þriðji aðilinn gerir ekki raunhæfa áreiðanleikakönnun á nákvæmni upplýsinganna sem tilgreindar eru samkvæmt skilmálum samningsins.
- 36) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á skyldu lánsþæfismatsfyrirtækja til að vernda rétt einstaklinga til friðhelgi einkalífs við vinnslu persónuupplýsinga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽¹⁾.
- 37) Nauðsynlegt er fyrir lánsþæfismatsfyrirtæki að koma á tilhlýðilegum aðferðum við reglubundna endurskoðun aðferða, líkana og helstu matsforsendna sem lánsþæfismatsfyrirtæki styðst við í því skyni að geta endurspeglad með tilhlýðilegum hætti breyttar aðstæður á þeim eignamörkuðum sem liggja til grundvallar. Í því skyni að tryggja gagnsæi skal birta upplýsingar um verulegar breytingar á aðferðum og framkvæmd, málsmeðferð og ferlum lánsþæfismatsfyrirtækja áður en þær taka gildi, nema um sé að ræða óvenjulegar markaðsaðstæður sem krefjast tafarlausrar breytingar á lánsþæfismati.
- 38) Lánsþæfismatsfyrirtæki skal gefa viðeigandi áhættuviðvörðun sem felur í sér næmisgreiningu á viðkomandi forsendum. Sú greining skal sýna hvernig ýmiss konar þróun á markaði, sem hefur áhrif á breytur í líkaninu, getur haft áhrif á breytingar á lánsþæfismati (t.d. flökt). Lánsþæfismatsfyrirtæki skal tryggja að upplýsingar um sögulegt vanskilahlutfall matsflokka hennar séu sannprófanlegar og mælanlegar og veiti

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

hagsmunaaðilum fullnægjandi grundvöll til að skilja fyrri frammistöðu hvers matsflokks og hvort og hvernig matsflokkar hafa breyst. Ef eðli lánshæfismats eða aðrar aðstæður gera sögulegt vanskilahlutfall óviðeigandi, tölfræðilega ógilt eða með öðrum hætti líklegt til að villa um fyrir notendum lánshæfismatsins skal lánshæfismatsfyrirtæki gefa viðeigandi skýringu. Þær upplýsingar skulu, eftir því sem unnt er, vera sambærilegar við önnur líkön, sem notuð eru í greininni, til að fjárfestar geti borið saman frammistöðu mismunandi lánshæfismatsfyrirtækja.

- 39) Til þess að auka gagnsæi lánshæfismats og stuðla að verndun fjárfesta skal samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila (CESR) viðhalda miðlægu gagnasafni þar sem upplýsingar um fyrri frammistöðu lánshæfismatsfyrirtækja og upplýsingar um áður útgefið lánshæfismat skulu geymdar. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu leggja því gagnasafni til upplýsingar á stöðluðu formi. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal koma þeim upplýsingum á framfæri við almenning og ber henni að birta árlega samantekt upplýsinga um mat á meginatriðum greindrar þróunar.
- 40) Við tiltekna aðstæður geta samsettir fjármálagerningar haft önnur áhrif en hefðbundnir skuldagerningar fyrirtækja. Það getur verið villandi fyrir fjárfesta að beita sömu matsflokki á báðar tegundir gerninga án frekari skýringa. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu hafa mikilvægu hlutverki að gegna í vitundarvakningu notenda lánshæfismats um sértæki samsettra fjármálaafurða í samanburði við hefðbundnar afurðir. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu því greina með skýrum hætti á milli matsflokka fyrir samsetta fjármálagerninga, annars vegar, og matsflokka fyrir aðra fjármálagerninga eða fjárskuldbindingar, hins vegar, með því að bæta viðeigandi tákni við hvern matsflokk.
- 41) Lánshæfismatsfyrirtæki skulu gera ráðstafanir til að forðast aðstæður þar sem útgefendur óska eftir bráðabirgðamatí á viðkomandi samsettum fjármálagerningi frá nokkrum lánshæfismatsfyrirtækjum til þess að komast að því hver þeirra býður besta lánshæfismatið fyrir fyrirhugaða samsetningu. Útgefendur skulu einnig forðast að beita þess háttar starfsaðferðum.
- 42) Lánshæfismatsfyrirtæki skal halda skrár yfir aðferðir við lánshæfismat og uppfæra reglulega allar breytingar á þeim og einnig halda skrá yfir mikilvæga þætti í skoðanaskiptum milli greinanda og metinnar einingar eða tengdra þriðju aðila.
- 43) Til að tryggja góða tiltrú fjárfesta og neytenda á innri markaðnum skulu lánshæfismatsfyrirtæki, sem gefa út lánshæfismat innan Bandalagsins, vera skráningarskyld. Þess háttar skráning er helsta forsenda lánshæfismatsfyrirtækja fyrir því að gefa út lánshæfismat sem ætlað er til nota vegna eftirlits innan Bandalagsins. Því er nauðsynlegt að mæla fyrir um samræmd skilyrði og verklagsreglur að því er varðar leyfisveitingu, frestun og afturköllun slíkrar skráningar.
- 44) Þessi reglugerð skal ekki koma í stað núverandi ferlis við viðurkenningu á utanaðkomandi lánshæfismatsstofnunum (ECAI) í samræmi við tilskipun 2006/48/EB. Þær utanaðkomandi lánshæfismatsstofnanir sem þegar eru viðurkenndar í Bandalaginu skulu sækja um skráningu í samræmi við þessa reglugerð.
- 45) Lánshæfismatsfyrirtæki, sem lögbær yfirvöld viðkomandi aðildarríkis skráir, skal heimilt að gefa út lánshæfismat í gervöllu Bandalaginu. Því er nauðsynlegt að koma á einni málsmeðferð við skráningu hvers lánshæfismatsfyrirtækis sem gildir í gervöllu Bandalaginu. Skráning lánshæfismatsfyrirtækis skal öðlast gildi þegar ákvörðun um skráningu, sem lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis gefa út, hefur komið til framkvæmda samkvæmt viðeigandi landslögum.
- 46) Nauðsynlegt er að koma á einum komustað fyrir afhendingu umsóknar um skráningu. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal taka við umsóknum um skráningu og með skilvirku hætti upplýsa lögbær yfirvöld allra aðildarríkjanna. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal einnig segja lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkisins til um það hvort umsóknin teljist fullnægjandi. Meðferð umsókna um skráningu skal vera í höndum viðeigandi lögbærra landsyfirvalda. Til að viðskipti við lánshæfismatsfyrirtæki geti verið skilvirk skulu lögbær yfirvöld koma á fót rekstrarneti (samstarfshópum) ásamt skilvirku grunnvirki upplýsingatækni. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal koma á fót undirnefnd sem sérhæfir sig á sviði lánshæfismats hvers eignaflokks sem lánshæfismatsfyrirtæki meta.
- 47) Sum lánshæfismatsfyrirtæki eru samsett úr nokkrum lögaðilum og mynda saman samstæðu lánshæfismatsfyrirtækja. Við skráningu hvers

einstaks lánshæfismatsfyrirtækis sem hluta af þannig samstæðu skulu lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkis samræma athugun á umsóknum þeirra lánshæfismatsfyrirtækja sem tilheyra sömu samstæðu og ákvarðanatöku varðandi samþykki skráningar. Þó skal vera unnt að hafna skráningu lánshæfismatsfyrirtækis innan samstæðu lánshæfismatsfyrirtækja ef það lánshæfismatsfyrirtæki uppfyllir ekki skilyrði um skráningu þótt aðrir aðilar samstæðunnar uppfylli öll skilyrði um skráningu samkvæmt þessari reglugerð. Þar eð samstarfshópnum skal ekki falið vald til að gefa út lagalega bindandi ákvarðanir skulu lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis aðila í samstæðu lánshæfismatsfyrirtækja hver um sig gefa út ákvörðun varðandi lánshæfismatsfyrirtæki sem stofnsett er á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis.

- 48) Samstarfshópurinn skal vera virkur vettvangur fyrir skipti á upplýsingum um eftirlit milli lögbærra yfirvalda, samræmingu á starfsemi þeirra og þeim eftirlitsráðstöfunum sem nauðsynlegar eru fyrir skilvirkt eftirlit með lánshæfismatsfyrirtækjum. Einkum skal samstarfshópurinn greiða fyrir eftirliti með því að skilyrði fyrir áritun lánshæfismats, sem gefið er út í þriðja landi séu uppfyllt, vottun, útvistunarsamningum og undanþágum, sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Starfsemi samstarfshópsins skal stuðla að samræmdri beitingu reglna samkvæmt þessari reglugerð og samleitni eftirlitsstarfsemi.
- 49) Til þess að efla hagnýta samræmingu á starfsemi samstarfshópsins skulu aðilar hans velja samræmingaraðila úr sínum hópi. Samræmingaraðilinn skal vera í forsæti á fundum samstarfshópsins, fastsetja skriflegt fyrirkomulag hans og samræma aðgerðir. Á meðan á skráningarferlinu stendur skal samræmingaraðili samstarfshópsins meta þörf á lengri tíma til að gera athugun á umsóknum, samræma þá athugun og taka upp samband við samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila.
- 50) Í nóvember árið 2008 stofnaði framkvæmdastjórnin nefnd háttsettra embættismanna sem hefur það verkefni að rannsaka framtíðartilhögun evrópsks eftirlits á sviði fjármálaþjónustu, þ.m.t. hlutverk samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila.
- 51) Núverandi tilhögun eftirlits telst ekki langtímalausn að því er eftirlit með lánshæfismatsfyrirtækjum varðar. Samstarfshópar lögbærra yfirvalda, sem ætlað er að einfalda samvinnu um eftirlit og samleitni á því sviði innan Bandalagsins, eru stórt skref fram á við, en koma ef til vill ekki að öllu leyti í stað allra kosta aukinnar samþjöppunar eftirlits með lánshæfismatsgreininni. Kreppan á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hefur sýnt fram á að rétt sé að rannsaka frekar þörfina á gagngerum umbótum á reglusetningar- og eftirlitslíkani fyrir fjármálagæira Bandalagsins. Til að ná fram nauðsynlegri samleitni og samstarfi í eftirliti á vettvangi Bandalagsins og til að auka stöðugleika fjármálakerfisins er enn mikil þörf á gagngerum umbótum á reglusetningar- og eftirlitslíkani fyrir fjármálagæira Bandalagsins og skal framkvæmdastjórnin leggja þær fram eins fljótt og kostur er, að teknu tilhlýðilegu tilliti til niðurstaðna sem de Laroisière-hópurinn kynnti 25. febrúar 2009. Framkvæmdastjórnin skal eins fljótt og auðið er, og eigi síðar en 1. júlí 2010, skila skýrslu til Evrópuþingsins, ráðsins og annarra stofnana um hvers konar niðurstöður þar að lútandi og setja fram hvers konar tillögur að nýrri löggjöf sem þörf er á til að laga annmarka sem koma í ljós að því er varðar samræmingu eftirlits og fyrirkomulag samvinnu.
- 52) Verulegar breytingar á áritunarfyrirkomulagi, útvistunarsamningum, ásamt opnun og lokun útibúa, skulu m.a. teljast umtalsverðar breytingar á skilyrðum fyrir frumskráningu lánshæfismatsfyrirtækis.
- 53) Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis skulu annast eftirlit með lánshæfismatsfyrirtæki í samvinnu við lögbær yfirvöld annarra hlutaðeigandi aðildarríkja með aðstoð viðeigandi samstarfshóps, auk hlutdeildar samstarfshóps evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila eftir því sem við á.
- 54) Geta lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkis og annarra aðila viðkomandi samstarfshóps til að meta og hafa eftirlit með því að lánshæfismatsfyrirtæki uppfylli þær skyldur sem kveðið er á um í þessari reglugerð skal ekki takmarkast af útvistunarsamningum sem lánshæfismatsfyrirtæki gerir. Lánshæfismatsfyrirtæki skal áfram bera ábyrgð á öllum skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð ef um notkun útvistunarsamninga er að ræða.
- 55) Til þess að viðhalda góðri tiltrú fjárfesta og neytenda og til að unnt sé að hafa viðvarandi eftirlit með lánshæfismati, sem gefið er út í Bandalaginu, skal þess krafist að lánshæfismatsfyrirtæki, sem hafa höfuðstöðvar utan Bandalagsins, komi á fót dótturfélagi innan Bandalagsins til að stuðla að skilvirku eftirliti með starfsemi þeirra í Bandalaginu og skilvirkri

- notkun áritunarfyrirkomulagsins. Þar að auki skal hvatt til þess að nýir aðilar komi inn á markað lánshæfismatsfyrirtækja.
- 56) Lögbær yfirvöld skulu geta notað þær heimildir, sem skilgreindar eru í þessari reglugerð, í tengslum við lánshæfismatsfyrirtæki, aðila, sem taka þátt í lánshæfismatsstarfsemi, metnar einingar og tengda þriðju aðila, þriðju aðila, sem lánshæfismatsfyrirtæki hafa útvistað tiltekin störf eða starfsemi til, og aðra aðila sem á annan hátt eru skyldir eða tengdir lánshæfismatsfyrirtækjum eða lánshæfismatsstarfsemi. Þeir aðilar eru meðal annars hluthafar eða aðilar í eftirlits- eða yfirstjórn lánshæfismatsfyrirtækja og metinna eininga.
- 57) Ákvæði þessarar reglugerðar varðandi eftirlitsgjöld skulu ekki hafa áhrif á viðeigandi ákvæði landslaga sem gilda um eftirlitsgjöld eða aðrar þóknanir.
- 58) Rétt þykir að koma á fót skipan sem tryggir skilvirka framkvæmd þessarar reglugerðar. Lögbær yfirvöld aðildarríkis skulu hafa til ráðstöfunar nauðsynleg úrræði til að tryggja að lánshæfismat, sem gefið er út í Bandalaginu, sé í samræmi við þessa reglugerð. Notkun þessara eftirlitsráðstafana skal ávallt vera samræmd innan viðkomandi samstarfshóps. Ráðstöfunum, s.s. afturköllun skráningar eða tímabundinni niðurfellingu á notkun lánshæfismats við eftirlit, skal beitt þegar þær teljast vera í samræmi við mikilvægi brots gegn skyldum sem leiða af þessari reglugerð. Við beitingu eftirlitsheimilda skulu lögbær yfirvöld taka tilhlýðilegt tillit til hagsmuna fjárfesta og stöðugleika markaðar. Þar eð verja skal óhæði lánshæfismatsfyrirtækis í útgáfuferli lánshæfismatsins skulu hvorki lögbær yfirvöld né aðildarríki hafa afskipti af efnisinntaki lánshæfismats og þeirri aðferð sem lánshæfismatsfyrirtæki beitir við ákvörðun lánshæfismats, svo að lánshæfismati sé ekki stofnað í hættu. Ef lánshæfismatsfyrirtæki er beitt þrýstingi skal það tilkynna framkvæmdastjórninni eða samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila um það. Framkvæmdastjórnin skal, í hverju tilviki fyrir sig, rannsaka hvort frekari aðgerða er þörf gagnvart hlutaðeigandi aðildarríki vegna vanefnda þess á skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð.
- 59) Æskilegt er að tryggja að ákvarðanatata, sem um getur í þessari reglugerð, sé byggð á náinni samvinnu lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna og skal því samþykkt ákvarðana um skráningu gerð á grundvelli samkomulags. Þetta eru nauðsyn-
legar forsendur fyrir skilvirkri skráningu og framkvæmd í eftirlitsferlinu. Ákvarðanatata skal vera skilvirk, skjót og um hana skal vera samstaða.
- 60) Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu starfa saman að því að gera eftirlitið skilvirkt og til að komast hjá tvíverknaði.
- 61) Þar að auki er mikilvægt að kveða á um upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með lánshæfismatsfyrirtækjum samkvæmt þessari reglugerð og lögbærra yfirvalda sem hafa eftirlit með fjármálastofnunum, einkum þeim sem bera ábyrgð á varfærniseftirliti eða fjárhagslegum stöðugleika í aðildarríkjunum.
- 62) Lögbær yfirvöld aðildarríkja, önnur en lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis, skulu geta haft afskipti af og gert viðeigandi eftirlitsráðstafanir, eftir að hafa upplýst samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila og lögbært yfirvald heimaaðildarríkis og að höfðu samráði við viðeigandi samstarfshóp, hafi þau komist að því að lánshæfismat skráðs lánshæfismatsfyrirtækis, sem stuðst er við á yfiráðasvæði þess, brjóti í bága við þær skyldur sem leiða af þessari reglugerð.
- 63) Ef ekki er kveðið á um sérstaka málsmeðferð að því er varðar skráningu, vottun eða afturköllun á skráningu eða vottun, samþykkt eftirlitsráðstafana eða framkvæmd eftirlitsyfirvalds á þessari reglugerð, skulu landslög, sem gilda um þess háttar málsmeðferð, þ.m.t. tungumál, þagnar-skylda og lögtrúnaður, gilda og ekki hafa áhrif á rétt lánshæfismatsfyrirtækja og annarra aðila sem falla undir þau lög.
- 64) Nauðsynlegt er að bæta samleitni valdheimilda lögbærra yfirvalda til að framkvæmd ákvæða verði sambærileg að styrk á öllum innri markaðinum.
- 65) Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal tryggja samfellu í beitingu þessarar reglugerðar. Hún skal bæta og stuðla að samvinnu og samræmingu lögbærra yfirvalda við eftirlitsstarfsemi og gefa út leiðbeiningar eftir því sem við á. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal því koma á fót miðlunarfyrikomulagi og ritrýni til þess að greiða fyrir samræmdri nálgun lögbærra yfirvalda.
- 66) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar og sjá til þess að þeim sé framfylgt. Þau

- viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi og skulu hið minnsta ná yfir tilvik vítavæðs misferlis í starfi og þar sem áreiðanleikakönnun vantar. Aðildarríkjum skal vera unnt að kveða á um stjórnsýsluviðurlög eða refsiviðurlög. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal setja viðmiðunarreglur um samræmda framkvæmd að því er þessi viðurlög varðar.
- 67) Öll upplýsingaskipti eða -miðlun milli lögbærra yfirvalda, annarra yfirvalda, aðila eða einstaklinga skulu vera í samræmi við reglur um flutning persónuupplýsinga eins og mælt er fyrir um í tilskipun 95/46/EB.
- 68) Í þessari reglugerð skal einnig kveðið á um reglur að því er upplýsingaskipti við lögbær yfirvöld í þriðju löndum varðar, einkum við þau sem bera ábyrgð á eftirliti með lánshæfismatsfyrirtækjum sem hafa áritun og vottun með höndum.
- 69) Allar kröfur á hendur lánshæfismatsfyrirtækjum í tengslum við hvers konar brot á ákvæðum þessarar reglugerðar skulu vera í samræmi við gildandi landslög um einkaréttarábyrgð, án þess að það hafi áhrif á beitingu laga Bandalagsins.
- 70) Samþykking ber ráðstafanirnar sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar á þessari reglugerð í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽¹⁾.
- 71) Framkvæmdastjórnin skal einkum hafa vald til að breyta I. og II. viðauka, að teknu tilliti til alþjóðlegrar þróunar, þar sem settar eru fram tiltekna viðmiðanir við mat á því hvort lánshæfismatsfyrirtæki uppfylli skyldur sínar að því er varðar innri stjórn fyrirtækis, rekstrarfyrirkomulag, reglur um starfsfólk, birtingu lánshæfismats og upplýsingagjöf og að tilgreina eða breyta viðmiðunum um ákvörðun jafngildis reglu- og eftirlitsramma þriðju landa við ákvæði þessarar reglugerðar. Þar eð þessar ráðstafanir eru almennar ráðstafanir og miða að því að breyta atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í þessari reglugerð, m.a. með því að bæta við þessa reglugerð atriðum, sem ekki teljast grundvallaratriði, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 72) Svo að tillit sé tekið til frekari þróunar á fjármálamörkuðum skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem mat er lagt á beitingu þessarar reglugerðar, einkum það að eftirlitið byggist á lánshæfismati ásamt því hvort viðeigandi sé að lánshæfismatsfyrirtæki þiggi greiðslur frá metinni einingu. Í ljósi þess mats skal framkvæmdastjórnin leggja fram viðeigandi tillögur að nýrri löggjöf.
- 73) Framkvæmdastjórnin skal einnig leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem mat er lagt á hvata til útgefenda til að nota lánshæfismatsfyrirtæki, sem stofnsett eru í Bandalaginu, vegna hluta af mati þeirra, aðrar mögulegar aðferðir en þær að útgefandi greiði, þ.m.t. stofnun opinbers lánshæfismatsfyrirtækis Bandalagsins, og samleitni landsreglna að því er brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varðar. Í ljósi þess mats skal framkvæmdastjórnin leggja fram viðeigandi tillögur að nýrri löggjöf.
- 74) Framkvæmdastjórnin skal einnig leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem mat er lagt á þróun reglu- og eftirlitsramma að því er varðar lánshæfismatsfyrirtæki í þriðju löndum og áhrif þeirrar þróunar og bráðabirgðaákvæða, sem um getur í þessari reglugerð, á stöðugleika fjármálamarkaða í Bandalaginu.
- 75) Þar eð aðildarríki geta ekki náð markmiðum þessarar reglugerðar, nánar tiltekið að tryggja hátt stig neytanda- og fjárfestaverndar með því að setja fram sameiginlegan ramma að því er varðar gæði lánshæfismats sem útgefið er á innri markaðnum, með fullnægjandi hætti vegna núverandi skorts á landslöggjöf á þessu sviði og vegna þess að meirihluti starfandi lánshæfismatsfyrirtækja eru stofnsett utan Bandalagsins, og auðveldara er að ná markmiðunum á vettvangi Bandalagsins, getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir, í samræmi við dreifræðisregluna, eins og sett er fram í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

(¹) Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

I. BÁLKUR

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð eru settar fram sameiginlegar eftirlitsaðferðir til þess að efla heilleika, gagnsæi, ábyrgð, góða stjórnunarhætti og áreiðanleika í láns-hæfismatsstarfsemi sem stuðlar að gæðum láns-hæfismats, sem gefið er út í Bandalaginu, og þar með að snurðulausri starfsemi innri markaðarins og jafn-framt að háu stigi neytenda- og fjárfestaverndar.

Í henni er mælt fyrir um skilyrði fyrir útgáfu láns-hæfismats og reglur um skipulag og háttsemi láns-hæfismatsfyrirtækja við að efla óhæði sitt og komast hjá hagsmunaaðrekstrum.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi reglugerð gildir um láns-hæfismatsfyrirtæki, sem skráð eru í Bandalaginu, gefa út og greina frá opinberlega eða dreifa í áskrift.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:

- a) láns-hæfismat til einkanota, sem láns-hæfismats-fyrirtæki gerir eftir sérstakri pöntun og afhendir aðeins þeim aðila sem pantaði matið og sem ekki er ætlað til opinberrar birtingar eða dreifingar í áskrift,
 - b) láns-hæfiseinkunnir, láns-hæfiseinkunnakerfi eða sambærilegar matsgerðir í tengslum við skuld-bindingar vegna neytenda-, viðskipta-, eða at-vinnusambanda,
 - c) láns-hæfismat sem útflutningslánastofnanir gera í samræmi við lið 1.3 í 1. hluta VI. viðauka við tilskipun 2006/48/EB eða
 - d) láns-hæfismat, sem seðlabankar vinna, og sem:
 - i. metin eining greiðir ekki fyrir,
 - ii. ekki er birt opinberlega,
 - iii. er gefið út í samræmi við meginreglur, staðla og málsmeðferð sem tryggir nægileg heilindi og óhæði í láns-hæfismatsstarfsemi, eins og kveðið er á um í þessari reglugerð og
 - iv. tengist ekki fjármálagerningum sem seðla-bankar viðkomandi aðildarríkja gefa út.
3. Láns-hæfismatsfyrirtæki skal sækja um skráningu samkvæmt þessari reglugerð, sem er skilyrði fyrir því að það fái viðurkenningu sem utanaðkomandi

láns-hæfismatsstofnun (ECAI) í samræmi við 2. hluta VI. viðauka við tilskipun 2006/48/EB, nema stofnun-in gefi aðeins út þær láns-hæfismatsgerðir sem um getur í 2. mgr.

4. Til að tryggja einsleita beitingu d-liðar 2. mgr. getur framkvæmdastjórnin, að fram kominni beiðni aðildarríkis, í samræmi við reglunefndarmeðferð sem um getur í 3. mgr. 38. gr. og í samræmi við d-lið 2. mgr. þessarar greinar, samþykkt ákvörðun þar sem kveðið er á um að seðlabankar falli innan gildissviðs þess liðar og að láns-hæfismat þeirra sé því undan-þegið beitingu þessarar reglugerðar.

Framkvæmdastjórnin skal á vefsetri sínu birta skrá yfir seðlabanka sem falla innan gildissviðs d-liðar 2. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hug-taka sem hér segir:

- a) „láns-hæfismat“: álit á láns-hæfi einingar, skuldar eða fjárskuldbindingar, skuldabréfa, forgangshlutabréfa eða annarra fjármálagerninga, eða út-gefanda þess háttar skuldar eða fjárskuldbinding-ar, skuldabréfa, forgangshlutabréfa eða annarra fjármálagerninga, útgefnum með notkun viður-kennds og skilgreinds röðunarkerfis matsflokka,
- b) „láns-hæfismatsfyrirtæki“: lögaðili sem stundar starfsemi sem felur í sér útgáfu láns-hæfismats á faglegum grunni,
- c) „heimaaðildarríki“: aðildarríkið þar sem láns-hæfismatsfyrirtækið er með skráða skrifstofu,
- d) „greinandi“: aðili sem hefur greiningarstarfsemi með höndum sem nauðsynleg er við útgáfu láns-hæfismats,
- e) „aðalgreinandi“: aðili, sem ber höfuðábyrgð á gerð láns-hæfismats eða á samskiptum við útgef-anda að því er varðar tiltekið láns-hæfismat eða almennt að því er varðar láns-hæfismat á fjár-málagerningi, sem sá útgefandi gefur út, og, ef við á, á samantekt ráðlegginga til matsnefndar-innar í tengslum við slíkt mat,
- f) „metin eining“: lögaðili, sem fær láns-hæfismat, beint eða óbeint, hvort sem hann hefur óskað eftir því láns-hæfismati eða ekki og hvort sem hann hefur veitt upplýsingar vegna þess láns-hæfismats eða ekki,
- g) „í eftirlitsskyni“: notkun láns-hæfismats með sér-stöku tilliti til samræmis við lög Bandalagsins

- eins og þau eru framkvæmd í landslöggjöf aðildarríkjanna,
- h) „matsflokkur“: matstákn, svo sem bók- eða tölu- stafur sem getur staðið ásamt viðbótaraudkennis- tákni, sem notað er við láns hæfismat, til að setja fram hlutfallslegt mat á áhættu í því skyni að sundurgreina mismunandi áhættueinkenni met- inna eininga, útgefenda og fjármálagerninga eða annarra eigna,
- i) „tengdur þriðji aðili“: upphafsaðili, skipuleggi- andi, bakhjarl, þjónustuaðili eða annar aðili sem á samskipti við láns hæfismatsfyrirtæki fyrir hönd metinnar einingar, þ.m.t. hver sá aðili sem er beint eða óbeint tengdur þeirri metnu einingu í gegnum yfirráð,
- j) „yfirráð“: sambandið milli móðurfyrirtækis og dótturfyrirtækis, eins og það er skilgreint í 1. gr. tilskipunar ráðsins 83/349/EBE frá 13. júní 1983 um samstæðureikningsskil⁽¹⁾, eða náð samband milli einstaklinga eða lögpersóna og fyrirtækis,
- k) „fjármálagerningur“: hvers kyns gerningur sem talinn er upp í C-þætti I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga⁽²⁾,
- l) „samsettur fjármálagerningur“: fjármálagerning- ur eða aðrar eignir sem verða til við verðbréf- unarviðskipti eða kerfisfyrirkomulag sem um getur í 36. mgr. 4. gr. tilskipunar 2006/48/EB,
- m) „samstæða láns hæfismatsfyrirtækja“: fyrirtækja- samstæða, sem stofnuð er í Bandalaginu, með móðurfyrirtæki og dótturfyrirtækjum þess í skiln- ingi 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE sem og fyrirtækjum sem eru í tengslum hvert við annað í skilningi 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE og hafa m.a. útgáfu láns hæfismats með höndum. Að því er a-lið 3. mgr. 4. gr. varðar skal sam- stæða láns hæfismatsfyrirtækja einnig fela í sér láns hæfismatsfyrirtæki sem stofnuð eru í þriðju löndum,
- n) „yfirstjórn“: einstaklingur eða einstaklingar sem í raun stjórna starfsemi láns hæfismatsfyrirtækis og aðili eða aðilar yfir- eða eftirlitsstjórnar,
- o) „láns hæfismatsstarfsemi“: greining gagna og upplýsinga og mat, samþykki, útgáfa og endur- skoðun láns hæfismats.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 145, 30.4. 2004, bls. 1.

2. Að því er a-lið 1. mgr. varðar telst eftirfarandi ekki vera láns hæfismat:

- a) ráðleggingar í skilningi 3. mgr. 1. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2003/125/EB⁽³⁾,
- b) fjárfestingarrannsóknir eins og þær eru skil- greindar í 1. mgr. 24. gr. tilskipunar 2006/73/EB⁽⁴⁾ og öðrum tegundum almennra ráðlegginga, svo sem „kaupa“, „selja“ eða „halda“, í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga eða fjárskuld- bindinga eða
- c) álit á verðmæti fjármálagernings eða fjárskuld- bindingar.

4. gr.

Notkun láns hæfismats

1. Lánastofnanir, eins og þær eru skilgreindar í til- skipun 2006/48/EB, fjárfestingarfyrirtæki eins og þau eru skilgreind í tilskipun 2004/39/EB, váttrygg- ingafélög sem falla undir fyrstu tilskipun ráðsins 73/239/EBE frá 24. júlí 1973 um samræmingu á lög- um og stjórnslufyrirmælum til að hefja og reka starfsemi á sviði frumtrygginga annarra en líftrygg- inga⁽⁵⁾, líftryggingafélög, eins og þau eru skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/83/EB frá 5. nóvember 2002 um líftryggingar⁽⁶⁾, endurtrygg- ingafélög, eins og þau eru skilgreind í tilskipun Evr- ópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvem- ber 2005 um endurtryggingu⁽⁷⁾, verðbréfasjóðir (UCITS), eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun 85/611/EBE, og stofnanir um starfstengdan lífeyri, eins og þær eru skilgreindar í tilskipun 2003/41/EB, geta því aðeins notað láns hæfismat í eftirlitsskyni að láns hæfismatsfyrirtæki, sem stofnuð eru innan Bandalagsins og skráð í samræmi við þessa reglu- gerð, gefi það út.

Ef útboðslýsing, sem er birt samkvæmt tilskipun 2003/71/EB og reglugerð (EB) nr. 809/2004, felur í sér vísun í láns hæfismat, eitt eða fleiri, skal útgef- andi, bjóðandi, eða sá aðili sem óskar eftir skráningu viðskipta á skipulegan markað, tryggja að útboðslýs- ingin feli einnig í sér skýrar og áberandi upplýsingar

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 339, 24.12.2003, bls. 73.

⁽⁴⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB frá 10. ágúst 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði fjárfestingafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun (Stjtið. ESB L 241, 2.9.2006, bls. 26).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 228, 16.8.1973, bls. 3.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 345, 19.12.2002, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 323, 9.12.2005, bls. 1.

um það hvort lánshæfismatsfyrirtæki, sem gefur út þess háttar lánshæfismat, sé stofnsett í Bandalaginu og skráð samkvæmt reglugerð þessari.

2. Lánshæfismatsfyrirtæki, sem stofnsett er í Bandalaginu og skráð í samræmi við þessa reglugerð, skal teljast hafa gefið út lánshæfismat þegar lánshæfismatið hefur verið birt á vefsetri lánshæfismatsfyrirtækis, eða með öðrum hætti, eða dreift í áskrift og kynnt og birt í samræmi við skilyrðin í 10. gr., þar sem fram kemur með skýrum hætti að lánshæfismatið sé samþykkt í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar.

3. Lánshæfismatsfyrirtæki, sem stofnsett er í Bandalaginu og skráð í samræmi við þessa reglugerð, getur aðeins samþykkt lánshæfismat sem er gefið út í þriðja landi ef lánshæfismatsstarfsemi, sem er undanfari útgáfu þess lánshæfismats, uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- a) lánshæfismatsstarfsemi, sem er undanfari útgáfu lánshæfismatsins, sem er til samþykktar, er að einhverju eða öllu leyti á hendi samþykkjandi lánshæfismatsfyrirtækis eða lánshæfismatsfyrirtækis sem tilheyrir sömu samstæðu,
- b) lánshæfismatsfyrirtæki hefur staðfest og getur á áframhaldandi grundvelli sýnt lögbærum yfirvöldum heimaáðildarríkis fram á að framkvæmd lánshæfismatsstarfsemi lánshæfismatsfyrirtækis í þriðja landi, sem er undanfari útgáfu lánshæfismats, sem er til samþykktar, uppfylli skilyrði sem eru a.m.k. jafn ströng og skilyrðin sem sett eru fram í 6. til 12. gr.,
- c) geta lögbærra yfirvalda heimaáðildarríkis þess lánshæfismatsfyrirtækis sem gefur samþykki eða samtaka lögbærra yfirvalda, sem um getur í 29. gr. (samstarfshópur), til að meta og hafa eftirlit með því að lánshæfismatsfyrirtæki, sem stofnsett er í þriðja landi, fari að þeim skilyrðum sem um getur í b-lið, sé ekki takmörkuð,
- d) lánshæfismatsfyrirtæki lætur, samkvæmt beiðni, lögbærum yfirvöldum heimaáðildarríkis allar upplýsingar í té sem nauðsynlegar eru til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að hafa, á áframhaldandi grundvelli, eftirlit með því að farið sé að skilyrðum þessarar reglugerðar,
- e) hlutlæg ástæða sé fyrir því að lánshæfismat fari fram í þriðja landi,
- f) lánshæfismatsfyrirtæki, sem stofnsett er í þriðja landi, hafi leyfi eða sé skráð, og falli undir eftirlit, í því þriðja landi,

g) reglakerfi í því þriðja landi komi í veg fyrir afskipti lögbærra yfirvalda og annarra opinberra yfirvalda þess þriðja lands af efnisinntaki lánshæfismats og aðferðum og

h) viðeigandi samstarfsfyrirkomulag sé á milli lögbærs yfirvalds heimaáðildarríkis þess lánshæfismatsfyrirtækis sem veitir samþykki og viðkomandi lögbærs yfirvalds lánshæfismatsfyrirtækis sem stofnsett er í þriðja landi. Lögbært yfirvald heimaáðildarríkis skal tryggja að í þess háttar samstarfsfyrirkomulagi komi a.m.k. fram:

- i. tilhögun upplýsingaskipta milli hlutaðeigandi lögbærra yfirvalda og
- ii. málsmeðferð varðandi samræmingu eftirlitsstarfsemi til þess að gera lögbæru yfirvaldi heimaáðildarríkis þess lánshæfismatsfyrirtækis sem veitir samþykki kleift að hafa stöðugt eftirlit með lánshæfismatsstarfsemi sem leiðir til útgáfu samþykta lánshæfismatsins.

4. Lánshæfismat, sem samþykkt er í samræmi við 3. mgr., telst vera lánshæfismat sem lánshæfismatsfyrirtæki, sem stofnsett er í Bandalaginu og skráð í samræmi við þessa reglugerð, gefur út.

Lánshæfismatsfyrirtæki, sem stofnsett er í Bandalaginu og skráð í samræmi við þessa reglugerð, skal ekki nota þess háttar áritun í þeim tilgangi að komast hjá kröfum sem gerðar eru samkvæmt þessari reglugerð.

5. Lánshæfismatsfyrirtæki, sem hefur samþykkt lánshæfismat sem er gefið út í þriðja landi í samræmi við 3. mgr., skal bera fulla ábyrgð á því lánshæfismati og því að skilyrði, sem þar eru sett fram, séu uppfyllt.

6. Ef framkvæmdastjórnin hefur, í samræmi við 6. mgr. 5. gr., viðurkennt laga- og eftirlitsramma þriðja lands sem jafngildan kröfum þessarar reglugerðar og samstarfsfyrirkomulag, sem um getur í 7. mgr. 5. gr., er virkt skal lánshæfismatsfyrirtæki, sem samþykkir lánshæfismat, sem er gefið út í því þriðja landi, ekki lengur vera skylt að sannreyna eða sýna fram á að skilyrðið sem sett er fram í g-lið 3. mgr. þessarar greinar sé uppfyllt.

5. gr.

Jafngildi og vottun á grundvelli jafngildis

1. Lánshæfismat í tengslum við einingar, stofnsettar í þriðju löndum, eða fjármálagerninga, útgefna í þriðju löndum, og sem lánshæfismatsfyrirtæki, sem stofnsett er í þriðja landi, gefur út, má nota í Bandalaginu skv. 1. mgr. 4. gr., án þess að það hafi verið

samþykkt í samræmi við 3. mgr. 4. gr., að því tilskildu:

- a) að lánshæfismatsfyrirtæki hafi starfsleyfi eða sé skráð og falli undir eftirlit í því þriðja landi,
- b) að framkvæmdastjórnin hafi samþykkt jafngildis-ákvörðun í samræmi við 6. mgr. þessarar greinar, og þar með viðurkennt laga- og eftirlitsramma þess þriðja lands sem jafngildan skilyrðum þessarar reglugerðar,
- c) að samstarfsfyrirkomulag, sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar, sé virkt,
- d) að lánshæfismat, sem lánshæfismatsfyrirtæki gefur út, og lánshæfismatsstarfsemi þess sé ekki kerfislega mikilvæg fyrir fjárhagslegan stöðugleika eða heilindi fjármálamarkaðar eins eða fleiri aðildarríkja og
- e) að lánshæfismatsfyrirtæki sé vottað í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar.

2. Lánshæfismatsfyrirtæki, sem um getur í 1. mgr., getur sótt um vottun. Umsóknin skal lögð fram til samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila (CESR) í samræmi við viðeigandi ákvæði 15. gr. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal, innan fimm virkra daga frá móttöku umsóknar, senda umsóknina til lögbærra yfirvalda allra aðildarríkjana og bjóða þeim að íhuga að gerast aðilar að viðeigandi samstarfshópi í samræmi við b-lið 3. mgr. 29. gr. Lögbær yfirvöld, sem hafa ákveðið að gerast aðilar að samstarfshópnum, skulu tilkynna samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila um það eigi síðar en 10 virkum dögum eftir viðtöku á boði samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila. Lögbær yfirvöld sem tilkynna samstarfshópi evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila í samræmi við þessa málsgrein verða aðilar að samstarfshópnum. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal, innan tuttugu virkra daga frá viðtöku umsóknar um vottun, taka saman og birta á vefsetri sínu lista yfir lögbær yfirvöld sem eru aðilar að samstarfshópnum. Aðilar að samstarfshópnum skulu, innan 10 virkra daga eftir birtingu, velja sér samræmingaraðila í samræmi við viðmiðanir 5. mgr. 29. gr. Í kjölfar stofnunar samstarfshópsins skal samsetning og starfsemi hans falla innan gildissviðs 29. gr.

3. Umsókn um vottun skal skoðuð í samræmi við málsmæðferð sem sett er fram í 16. gr. Ákvörðun um vottun skal byggjast á viðmiðunum sem settar eru fram í a- til d-lið 1. mgr. þessarar greinar.

Ákvörðun um vottun skal tilkynnt og birt í samræmi við 18. gr.

4. Lánshæfismatsfyrirtæki getur einnig sótt sérstaklega um að vera undanþegið:

- a) því að fara, í hverju tilviki fyrir sig, að sumum eða öllum kröfum sem settar eru fram í A-þætti I. viðauka og í 4. mgr. 7. gr. ef lánshæfismatsfyrirtækið getur sýnt fram á að kröfurnar séu ekki í réttu hlutfalli við eðli og umfang fyrirtækisins og hversu flókið það er og eðli og umfang útgáfu þess á lánshæfismati,
- b) kröfum um staðsetningu í Bandalaginu ef þau skilyrði eru of íþyngjandi og óhófleg með tilliti til eðlis og umfangs fyrirtækisins og hversu flókið það er og eðlis og umfangs útgáfu þess á lánshæfismati.

Við mat á þeirri umsókn skulu lögbær yfirvöld taka tillit til stærðar viðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis með hliðsjón af eðli og umfangi fyrirtækisins og hversu flókið það er og eðlis og umfangs útgáfu þess á lánshæfismati, sem og áhrifum lánshæfismats, sem lánshæfismatsfyrirtæki gefur út, á fjárhagslegan stöðugleika og heilindi fjármálamarkaða eins eða fleiri aðildarríkja. Á grundvelli þessara forsenda, getur lögbært yfirvald veitt lánshæfismatsfyrirtæki þess háttar undanþágu.

5. Ákvarðanir um undanþágu samkvæmt 4. mgr. þessarar greinar skulu vera með fyrirvara um viðeigandi ákvæði og málsmeðferð, sem sett er fram í 16. gr., að undanskilinni annarri undirgrein 7. mgr. þeirrar greinar. Ef um viðvarandi ósamkomulag milli aðila viðkomandi samstarfshóps um að veita lánshæfismatsfyrirtæki undanþágu er að ræða, skal samræmingaraðilinn taka vel rökstudda ákvörðun.

Að því er vottun, þ.m.t. veitingu undanþága, og eftirlit varðar skal samræmingaraðilinn sinna verkefnum lögbærra yfirvalda heimaaðildarríkis þar sem við á.

6. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt ákvörðun um jafngildi í samræmi við reglunefndarmeðferð, sem um getur í 3. mgr. 38. gr., og vísað til þess að laga- og eftirlitsrammi þriðja lands tryggji að lánshæfismatsfyrirtæki, sem er með starfsleyfi eða er skráð í því þriðja landi, fari að lagalega bindandi kröfum sem eru jafngildar kröfum þessarar reglugerðar og háðar skilvirku eftirliti og framfylgd í því þriðja landi.

Laga- og eftirlitsrammi í þriðja landi getur talist jafngildur þessari reglugerð ef sá rammi uppfyllir að lágmarki eftirfarandi skilyrði:

- a) lánshæfismatsfyrirtæki í því þriðja landi skulu hafa leyfi eða vera skráð og háð viðvarandi, skilvirku eftirliti og framfylgd,

- b) lánshæfismatsfyrirtæki í því þriðja landi falla undir lagalega bindandi reglur sem eru jafngildar þeim sem settar eru fram í 6.–12. gr. og I. viðauka og
- c) reglakerfi í því þriðja landi komi í veg fyrir afskipti lögbærra yfirvalda og annarra opinberra yfirvalda þess þriðja lands af efnisinntaki lánshæfismats og aðferðum.

Framkvæmdastjórnin skal tilgreina nánar eða breyta viðmiðun, sem sett er fram í a- til c-lið annarrar undirgreinar, til að taka tillit til þróunar á fjármálamörkuðum. Samþykkja skal þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun, sem um getur í 2. mgr. 38. gr.

7. Samræmingaraðilinn skal koma á samstarfssamningum við viðeigandi lögbær yfirvöld þriðju landa sem eru með laga- og eftirlitsramma sem teljast jafngildir þessari reglugerð í samræmi við 6. mgr. Þess háttar samningar skulu að lágmarki tilgreina:

- a) tilhögun upplýsingaskipta milli hlutaðeigandi lögbærra yfirvalda og
- b) málsmeðferð við samræmingu á eftirlitsstarfsemi.

Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal samræma samstarfssamninga milli lögbærra yfirvalda aðildarríkis og viðkomandi lögbærra yfirvalda þriðju landa, sem eru með laga- og eftirlitsramma sem teljast jafngildir þessari reglugerð í samræmi við 6. mgr.

8. Ákvæði 20., 24. og 25. gr. skulu gilda að breyttu breytanda um vottuð lánshæfismatsfyrirtæki og lánshæfismat sem þau gefa út.

II. HLUTI

ÚTGÁFA LÁNSHÆFISMATS

6. gr.

Óhæði og aðferðir til að komast hjá hagsmunaárekstrum

1. Lánshæfismatsfyrirtæki skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að núverandi eða hugsanlegir hagsmunaárekstrar eða viðskiptatengsl sem snerta lánshæfismatsfyrirtæki sem gefur út lánshæfismatið, stjórnendur þess, greinendur, starfsfólk eða aðrir einstaklingar sem veita þjónustu, sem stendur lánshæfismatsfyrirtæki til boða eða er undir eftirliti þess, eða aðrir aðilar sem eru tengdir því beint eða óbeint í gegnum yfirráð, hafi ekki áhrif á útgáfu lánshæfismatsins.

2. Til að tryggja að farið sé að ákvæðum 1. mgr. skal lánshæfismatsfyrirtæki fara að þeim skilyrðum sem sett eru í A- og B-þætti I. viðauka.

3. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis getur, að ósk lánshæfismatsfyrirtækis, veitt því undanþágu frá kröfum 2., 5. og 6. liðar A-þáttar I. viðauka og 4. mgr. 7. gr. ef lánshæfismatsfyrirtækið getur sýnt fram á að þær kröfur séu ekki í samræmi við eðli og umfang rekstrar þess og hversu flókinn hann er og eðli og umfang útgáfu þess á lánshæfismati og:

- a) að lánshæfismatsfyrirtækið hafi færri en 50 starfsmenn,
- b) að lánshæfismatsfyrirtækið hafi samþykkt ráðstafanir og málsmeðferð, einkum innra eftirlitskerfi, skýrslugjöf og ráðstafanir sem tryggja óhæði greinenda og aðila sem samþykkja lánshæfismat, sem tryggir að miðað sé við markmið þessarar reglugerðar með skilvirkum hætti, og
- c) að stærð lánshæfismatsfyrirtækisins hafi ekki verið ákvörðuð til þess að koma í veg fyrir að lánshæfismatsfyrirtækið, eða samstæða lánshæfismatsfyrirtækja, uppfylli kröfur þessarar reglugerðar.

Ef um samstæðu lánshæfismatsfyrirtækja er að ræða skulu lögbær yfirvöld tryggja að í það minnsta eitt lánshæfismatsfyrirtæki samstæðunnar sé ekki undanþegið því að uppfylla kröfur 2., 5. og 6. liðar A-þáttar I. viðauka og 4. mgr. 7. gr.

7. gr.

Greinendur, starfsfólk og aðrir aðilar sem koma að útgáfu lánshæfismats

1. Lánshæfismatsfyrirtæki skal sjá til þess að greinendur, starfsfólk þess og allir aðrir einstaklingar, sem bjóða lánshæfismatsfyrirtæki þjónustu sína, sem eru undir stjórn þess eða taka beinan þátt í lánshæfismatsstarfsemi, búi yfir viðeigandi þekkingu og reynslu varðandi úthlutuð verkefni.

2. Lánshæfismatsfyrirtæki skal tryggja að þeim aðilum sem um getur í 1. mgr. sé ekki heimilt að stofna til eða taka þátt í samningaviðræðum um gjöld eða greiðslur við neina metna einingu, tengdan þriðja aðila eða neinn aðila sem hefur beint eða óbeint einhver yfirráð yfir metinni einingu.

3. Lánshæfismatsfyrirtæki skal tryggja að þeir aðilar sem um getur í 1. mgr. uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í C-þætti I. viðauka.

4. Lánshæfismatsfyrirtæki skal koma á viðeigandi víxlýrirkomulagi að því er varðar greinendur og aðila sem samþykkja lánshæfismat eins og skilgreint í

C-þætti I. viðauka. Það vixlkerfi skal framkvæmt í áföngum á grundvelli einstaklinga fremur en alls hópsins.

5. Laun og frammistöðumat greinenda og aðila sem samþykkja lánsþæfismat skal ekki vera háð fjárhæð tekna sem lánsþæfismatsfyrirtæki hefur af metnu einingunum eða tengdum þriðju aðilum.

8. gr.

Aðferðir, líkön og helstu forsendur mats

1. Lánsþæfismatsfyrirtæki skal birta opinberlega upplýsingar um aðferðir, líkön og helstu forsendur mats sem það notar í lánsþæfismatsstarfsemi eins og skilgreint í 5. lið I. hluta E-þátta í I. viðauka.

2. Lánsþæfismatsfyrirtæki skal samþykkja, framkvæma og framfylgja fullnægjandi ráðstöfunum til að tryggja að lánsþæfismat, sem það gefur út, sé byggt á ítarlegri greiningu á öllum tiltækum upplýsingum sem skipta máli fyrir greiningu þess í samræmi við matsaðferðir. Fyrirtækið skal samþykkja allar nauðsynlegar ráðstafanir þannig að upplýsingarnar, sem það notar við úthlutun lánsþæfismats, séu fullnægjandi að gæðum og byggist á áreiðanlegum heimildum.

3. Lánsþæfismatsfyrirtæki skal við mat styðjast við aðferðir, sem eru strangar, kerfisbundnar, samfelldar og háðar sannpröfun sem byggist á fenginni reynslu, m.a. afturvirkum prófunum (e. back-testing).

4. Ef lánsþæfismatsfyrirtæki notar lánsþæfismat sem annað lánsþæfismatsfyrirtæki hefur þegar unnið að því er undirliggjandi eignir eða samsetta fjármálagerninga varðar skal það ekki neita að gefa út lánsþæfismat einingar eða fjármálagernings vegna þess að annað lánsþæfismatsfyrirtæki hafi áður metið hluta einingarinnar eða fjármálagerningsins.

Lánsþæfismatsfyrirtæki skal skrá öll tilvik þar sem það vikur í lánsþæfismatsferlinu frá lánsþæfismati, sem er til og annað lánsþæfismatsfyrirtæki hefur unnið, að því er undirliggjandi eignir eða samsetta fjármálagerninga varðar og skal það leggja fram rökstuðning fyrir mismun í mati.

5. Lánsþæfismatsfyrirtæki skal vakta lánsþæfismat og endurskoða mat og aðferðir reglubundið, minnst árlega, einkum ef verulegar breytingar eiga sér stað sem gætu haft áhrif á lánsþæfismat. Lánsþæfismatsfyrirtæki skal koma á innra fyrirkomulagi á vöktun á áhrifum þjóðhagslegra breytinga eða breytinga á skilyrðum á fjármáلامarkaði á lánsþæfismat.

6. Ef aðferðum, líkönum eða helstu forsendum sem beitt er við lánsþæfismatsstarfsemi er breytt, skal lánsþæfismatsfyrirtæki:

- upplýsa tafarlaust um líklegt umfang þess lánsþæfismats, sem það hefur áhrif á, með sömu samskiptaaðferðum og beitt var við dreifingu viðkomandi lánsþæfismats,
- endurskoða lánsþæfismat, sem þetta hefur áhrif á, eins fljótt og unnt er, en eigi síðar en sex mánuðum eftir breytinguna, og taka það lánsþæfismat til athugunar á meðan, og
- endurmeta allt lánsþæfismat sem byggist á þess háttar aðferðum, líkönum eða lykilsforsendum mats, ef heildaráhrif breytinganna hafa áhrif á það lánsþæfismat í kjölfar endurskoðunar.

9. gr.

Útvistun

Útvistun mikilvægra rekstrarþátta má ekki fara þannig fram að hún rýri umtalsvert gæði innra eftirlits lánsþæfismatsfyrirtækis og getu lögbærra yfirvalda til að hafa eftirlit með því að lánsþæfismatsfyrirtæki uppfylli allar þær skyldur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

10. gr.

Birting upplýsinga og framsetning lánsþæfismats

1. Lánsþæfismatsfyrirtæki skal birta hvers konar lánsþæfismat, sem og ákvarðanir um að hætta lánsþæfismati, tímanlega og án takmarkana. Í því tilviki að lánsþæfismat sé fellt niður skulu birtar upplýsingar og ákvörðun um það vera vel rökstudd.

Fyrsta undirgrein á einnig við um lánsþæfismat sem dreift er í áskrift.

2. Lánsþæfismatsfyrirtæki skulu sjá til þess að lánsþæfismat sé sett fram og unnið í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í D-þætti I. viðauka.

3. Þegar lánsþæfismatsfyrirtæki gefur út lánsþæfismat á samsettum fjármálagerningum skal það sjá til þess að matsflokkar samsettra fjármálagerninga séu skýrt aðgreindir með viðbótartákni sem aðgreinir þá frá matsflokkum sem notaðir eru fyrir aðrar einingar, aðra fjármálagerninga eða aðrar fjárskuldbindingar.

4. Lánsþæfismatsfyrirtæki skal birta upplýsingar um stefnur og verklagsreglur fyrir óumbeðið lánsþæfismat.

5. Þegar lánsþæfismatsfyrirtæki gefur óumbeðið út lánsþæfismat skal stofnunin með áberandi hætti taka

fram hvort metna einingin eða tengdir þriðju aðilar hafi tekið þátt í lánshæfismatsferlinu eða ekki og hvort lánshæfismatsfyrirtæki hafi haft aðgang að reikningum og öðrum viðeigandi innanhússkjölum metnu einingarinnar eða tengdra þriðju aðila.

Óumbeðið lánshæfismat skal skilgreint sem slíkt.

6. Lánshæfismatsfyrirtæki skal ekki nota heiti neins lögbærs yfirvalds með þeim hætti að það gæti gefið vísbendingu um eða bent til að þetta yfirvald áriti eða samþykki lánshæfismat eða hvers konar lánshæfismatsstarfsemi fyrirtækisins.

11. gr.

Almenn og regluleg birting upplýsinga

1. Lánshæfismatsfyrirtæki skal birta að fullu opinberlega og uppfæra tafarlaust upplýsingar að því er málefni varðar sem sett eru fram í I. hluta E-þáttar I. viðauka.

2. Lánshæfismatsfyrirtæki skal gera gögn um fyrri frammistöðu, þ.m.t. tíðni breytinga á mati og upplýsingar um áður útgefið lánshæfismat og breytingar á þeim, aðgengileg í miðlægu gagnasafni sem samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila setur á fót. Lánshæfismatsfyrirtæki skal veita upplýsingar til þess gagnasafns á stöðluðu formi eins og samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila kveður á um. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal gera þær upplýsingar aðgengilegar almenningi og birta árlega samantekt upplýsinga um helstu þróun sem greind er.

3. Lánshæfismatsfyrirtæki skal árlega veita lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis og samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila upplýsingar um málefni sem sett eru fram í 2. lið II. hluta E-þáttar I. viðauka. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis skal birta þær upplýsingar aðilum í viðeigandi samstarfshópi.

12. gr.

Skýrsla um gagnsæi

Lánshæfismatsfyrirtæki skal árlega birta skýrslu um gagnsæi sem felur í sér upplýsingar um málefni sem sett eru fram í III. hluta E-þáttar I. viðauka. Lánshæfismatsfyrirtæki skal birta skýrslu um gagnsæi í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok hvers reikningsárs og tryggja að hún sé aðgengileg á vefsetri þess í a.m.k. fimm ár.

13. gr.

Gjöld vegna opinberrar birtingar

Lánshæfismatsfyrirtæki skal ekki innheimta gjald

vegna þeirra upplýsinga sem veittar eru í samræmi við 8. til 12. gr.

III. HLUTI

EFTIRLIT MEÐ LÁNSHÆFISMATSSTARFSEMI

I. KAFLI

MÁLSMEDFERÐ VIÐ SKRÁNINGU

14. gr.

Skilyrði fyrir skráningu

1. Lánshæfismatsfyrirtæki skal sækja um skráningu með tilliti til 1. mgr. 2. gr., að því tilskildu að það sé lögaðili sem stofnaður er í Bandalaginu.

2. Skráningin skal gilda á öllu yfirráðasvæði Bandalagsins eftir að ákvörðun um skráningu, sem lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis hafa gefið út, eins og um getur í 7. mgr. 16. gr. eða 7. mgr. 17. gr., hefur tekið gildi samkvæmt viðkomandi landslögum.

3. Skráð lánshæfismatsfyrirtæki skal ávallt fylgja skilyrðum fyrir upphaflegri skráningu.

Lánshæfismatsfyrirtæki skal, án óþarfa tafar, tilkynna samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila, lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis síns og samræmingaraðila um hvers konar mikilvægar breytingar á skilyrðum fyrir upphaflegri skráningu, þ.m.t. opnun eða lokun útibús í Bandalaginu.

4. Án þess að það hafi áhrif á 16. og 17. gr. skal lögbært yfirvald heimaaðildarríkis skrá lánshæfismatsfyrirtæki, ef það kemst að þeirri niðurstöðu eftir athugun á umsókninni að lánshæfismatsfyrirtæki uppfylli þau skilyrði fyrir útgáfu lánshæfismats sem sett eru fram í þessari reglugerð, að teknu tilliti til 4. og 6. gr.

5. Lögbær yfirvöld skulu ekki setja skilyrði fyrir skráningu sem ekki er kveðið á um í þessari reglugerð.

15. gr.

Umsókn um skráningu

1. Lánshæfismatsfyrirtæki skal leggja inn umsókn um skráningu til samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila. Í umsókninni skulu a.m.k. vera upplýsingar um þau mál sem tilgreind eru í II. viðauka.

2. Ef samstæða lánshæfismatsfyrirtækja sækir um skráningu skulu aðilar að samstæðunni veita einum þeirra umboð til að leggja fram allar umsóknirnar til samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila

fyrir hönd samstæðunnar. Það lánshæfismatsfyrirtæki sem fer með umboðið skal leggja fram upplýsingarnar með þeim hætti sem kveðið er á um í II. viðauka fyrir hvern aðila að samstæðunni.

3. Lánshæfismatsfyrirtæki skal leggja fram umsókn á tungumáli sem krafist er samkvæmt lögum heima- aðildarríkis stofnunar og á venjubundnu tungumáli innan alþjóðafjarmálageirans.

Umsókn um skráningu, sem samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila sendir lögbæru yfirvaldi heima- aðildarríkis, telst vera umsókn sem hlut- aðeigandi lánshæfismatsfyrirtæki leggur fram.

4. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal senda afrit af umsókninni til lögbærra yfirvalda allra aðildarríkjanna innan fimm virkra daga frá við- töku umsóknar.

Innan tíu virkra daga frá viðtöku umsóknar skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna hafa samráð við samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila um það hvort umsókn sé fullnægjandi.

5. Lögbær yfirvöld heima- aðildarríkis og aðilar að viðkomandi samstarfshópi skulu innan 25 virkra daga frá viðtöku umsóknar meta hvort umsókn sé fulllunnin, að teknu tilliti til þess samráðs við sam- starfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila sem um getur í 4. mgr. Ef umsóknin er ekki fulllunnin skal lögbært yfirvald heima- aðildarríkis ákvarða frest fyrir framlagningu viðbótarupplýsinga frá lánshæfismats- fyrirtæki til yfirvaldsins og samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila og tilkynna aðilum samstarfshóps og samstarfsnefndar evrópskra verð- bréfaeftirlitsaðila í samræmi við það.

Í kjölfar mats á því hvort umsókn sé fulllunnin skal lögbært yfirvald heima- aðildarríkis tilkynna lánshæfismatsfyrirtæki, aðilum samstarfshópsins og samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila í samræmi við það.

6. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal senda þær viðbótarupplýsingar sem um getur í 5. mgr. til lögbærra yfirvalda allra aðildarríkjanna, innan fimm virkra daga frá viðtöku umsóknar.

16. gr.

Athugun lögbærra yfirvalda á umsókn um skráningu lánshæfismatsfyrirtækis

1. Lögbært yfirvald heima- aðildarríkis og lögbær yfirvöld, sem eru aðilar að viðkomandi samstarfs- hópi, skulu, eigi síðar en 60 virkum dögum eftir til- kynninguna sem um getur í annarri undirgrein 5. mgr. 15. gr.:

- a) athuga í sameiningu umsókn um skráningu og
- b) gera allt sem í þeirra valdi stendur til að ná sam- komulagi um hvort samþykkja eða hafna eigi skráningu lánshæfismatsfyrirtækis á grundvelli þess hvort lánshæfismatsfyrirtæki uppfylli skil- yrðin sem sett eru fram í þessari reglugerð.

2. Samræmingaraðili getur framlengt athugunar- frestinn um 30 virka daga, einkum ef lánshæfismats- fyrirtæki:

- a) fyrirhugar að samþykkja lánshæfismat eins og um getur í 3. mgr. 4. gr.,
- b) fyrirhugar útvistun á starfsemi eða
- c) óskar eftir undanþágu frá því að fara að skilyrð- um í samræmi við 3. mgr. 6. gr.

3. Samræmingaraðili skal samræma athugun á um- sókn sem lánshæfismatsfyrirtæki leggur fram og sjá til þess að öllum nauðsynlegum upplýsingum vegna athugunar á umsókn sé dreift til aðila að viðkomandi samstarfshópi.

4. Lögbært yfirvald heima- aðildarríkis skal semja vel rökstudd drög að ákvörðun í kjölfar samkomu- lagsins sem um getur í b-lið 1. mgr. og leggja fyrir samráðsaðila.

Ef ekki næst samkomulag milli aðila að viðkomandi samstarfshópi skal lögbært yfirvald heima- aðildarrík- is semja vel rökstudd drög að synjun á grundvelli skriflegs álits þeirra aðila að samstarfshópnum sem eru mótfallnir skráningu og leggja þau fyrir sam- ræmingaraðila. Aðilar að samstarfshópnum, sem eru fylgjandi skráningu, skulu taka saman og leggja fram ítarlegar skýringar á álitinu til samræmingaraðila.

5. Samræmingaraðili skal, innan 60 virkra daga frá tilkynningu, sem um getur í annarri undirgrein 5. mgr. 15. gr. og í öllum tilvikum innan 90 virkra daga frá tilkynningunni ef 2. mgr. á við, senda samstarfs- nefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila vel rökstudd drög að skráningu eða ákvörðun um synjun ásamt þeim ítarlegu skýringum sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr.

6. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal, innan 20 virkra daga frá viðtöku upplýsing- anna, sem um getur í 5. mgr., veita aðilum að við- komandi samstarfshópi álit sitt á því hvort lánshæfis- matsfyrirtæki uppfylli skilyrði um skráningu. Að fengnu álit samstarfsnefndar evrópskra verðbréfa- eftirlitsaðila skulu aðilar að samstarfshópnum endur- skoða drög að ákvörðun.

7. Lögbært yfirvald heima- aðildarríkis skal sam- þykkja vel rökstudda ákvörðun um skráningu eða

synjun innan 15 virkra daga frá viðtöku álitssamstarfsnefndar evrópskra aðila. Ef lögbært yfirvald heimaáðildarríkis vikur frá ráðgjöf samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal það rökstyðja vel ástæður þess. Ef samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila hefur ekki lagt fram álit sitt skal lögbært yfirvald heimaáðildarríkis samþykkja ákvörðunina innan 30 virkra daga frá sendingu draga að ákvörðun í samræmi við 5. mgr. til samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila.

Ef ósamkomulag meðal aðila viðkomandi samstarfshóps er viðvarandi skal lögbært yfirvald heimaáðildarríkis samþykkja vel rökstudda ákvörðun um synjun þar sem þau lögbæru yfirvöld eru tilgreind sem greiða sératkvæði og álitssgerð þeirra kemur fram.

17. gr.

Athugun lögbærra yfirvalda á umsókn samstæðu lánshæfismatsfyrirtækja um skráningu

1. Samræmingaraðili og lögbær yfirvöld, sem eru aðilar að viðkomandi samstarfshópi, skulu, eigi síðar en 60 virkum dögum eftir tilkynninguna sem um getur í annarri undirgrein 5. mgr. 15. gr.:

- a) athuga í sameiningu umsóknir um skráningu og
 - b) gera allt sem í þeirra valdi stendur til að ná samkomulagi um hvort eigi að samþykkja eða synja skráningu aðila í samstæðu lánshæfismatsfyrirtækja á grundvelli þess hvort þau lánshæfismatsfyrirtæki uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í þessari reglugerð.
2. Samræmingaraðili getur framlengt skoðunartímabilið um 30 virka daga, einkum ef eitthvað lánshæfismatsfyrirtæki í samstæðunni:
- a) fyrirhugar að samþykkja lánshæfismat eins og um getur í 3. mgr. 4. gr.,
 - b) fyrirhugar útvistun á starfsemi eða
 - c) óskar eftir undanþágu frá því að fara að skilyrðum í samræmi við 3. mgr. 6. gr.

3. Samræmingaraðili skal samræma athugun á umsókn sem samstæða lánshæfismatsfyrirtækja leggur fram og sjá til þess að öllum nauðsynlegum upplýsingum vegna athugunar á umsókn sé dreift til aðila að viðkomandi samstarfshópi.

4. Lögbær yfirvöld heimaáðildarríkis skulu útbúa fyllilega rökstudd drög að ákvörðun fyrir hvert lánshæfismatsfyrirtæki samstæðu í kjölfar samkomulags sem um getur í b-lið 1. mgr. og leggja fram til samræmingaraðilans.

Ef ekki næst samkomulag milli aðila viðkomandi nefndar, skulu lögbær yfirvöld heimaáðildarríkis útbúa fyllilega rökstudd drög að höfnunum á grundvelli skriflegra álita aðila samstarfshópsins sem eru mótfallnir skráningu og leggja þau fram til samræmingaraðilans. Þeir aðilar samstarfshópsins sem eru fylgjandi skráningu skulu útbúa og leggja fram ítarlega skýringu á áliti sínu til samræmingaraðilans.

5. Samræmingaraðili skal, innan 60 virkra daga frá tilkynningu eins og um getur í annarri undirgrein 5. mgr. 15. gr. og í öllum tilvikum innan 90 virkra daga frá tilkynningunni ef 2. mgr. á við, senda samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila fullrökstudd drög að skráningum eða ákvörðunum um höfnun ásamt ítarlegum skýringum sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr.

6. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal, innan 20 virkra daga frá viðtöku upplýsinganna sem um getur í 5. mgr., veita aðilum viðkomandi samstarfshóps álit sitt á því hvort lánshæfismatsfyrirtæki samstæðu uppfylli skilyrði um skráningu. Eftir viðtöku álitssamstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila, skulu aðilar nefndarinnar endurskoða drög að ákvörðunum.

7. Lögbær yfirvöld heimaáðildarríkis skulu samþykkja fyllilega rökstuddar ákvarðanir um skráningu eða höfnun innan 15 virkra daga frá viðtöku álitssamstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila. Ef lögbær yfirvöld heimaáðildarríkis fylgja ekki ráðgjöf samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila, skulu þau rökstyðja vel ástæður þess. Ef samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila hefur ekki lagt fram álit, skulu lögbær yfirvöld heimaáðildarríkis samþykkja ákvarðanir sínar innan 30 virkra daga frá sendingu draga um ákvörðun í samræmi við 5. mgr. til samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila.

Ef ósamkomulag meðal aðila viðkomandi samstarfshóps, um það hvort skrá skuli einhver lánshæfismatsfyrirtæki samstæðunnar, er viðvarandi skal lögbært yfirvald heimaáðildarríkis þess lánshæfismatsfyrirtækis samþykkja fyllilega rökstudda ákvörðun um höfnun, þar sem þau lögbæru yfirvöld eru tilgreind sem greiða sératkvæði og álitssgerð þeirra kemur fram.

18. gr.

Tilkynning um ákvörðun um skráningu, synjun um skráningu eða afturköllun skráningar lánshæfismatsfyrirtækis

1. Lögbært yfirvald heimaáðildarríkis skal tilkynna hlutaðeigandi lánshæfismatsfyrirtæki innan fimm

virkra daga frá samþykki ákvörðunar samkvæmt 16. eða 17. gr. um það hvort skráning hafi verið samþykkt eða ekki. Ef lögbært yfirvald heimaaðildarríkis neitar að skrá lánshæfismatsfyrirtæki skal yfirvaldið rökstyðja vel ástæður ákvörðunar sinnar.

2. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis skal tilkynna framkvæmdastjórninni, samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila og öðrum lögbærum yfirvöldum um allar ákvarðanir í samræmi við 16., 17. eða 20. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal birta lista yfir lánshæfismatsfyrirtæki sem eru skráð í samræmi við þessa reglugerð í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og á vefsetri sínu. Sá listi skal uppfærður innan 30 daga frá tilkynningunni sem um getur í 2. mgr.

19. gr.

Skráningar- og eftirlitsgjöld

Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis getur innheimt skráningar- og/eða eftirlitsgjöld af lánshæfismatsfyrirtæki. Skráningar- og/eða eftirlitsgjöldin skulu vera í hóflegu hlutfalli við útlagðan kostnað lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis.

20. gr.

Afturköllun skráningar

1. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis skal afturkalla skráningu lánshæfismatsfyrirtækis ef lánshæfismatsfyrirtæki:

- afsalar sér ótvírátt skráningu eða hefur ekki gefið út neitt lánshæfismat undanfarna sex mánuði,
- hefur fengið skráningu með því að gefa rangar yfirlýsingar eða á annan ólögmatan hátt,
- uppfyllir ekki lengur skilyrðin fyrir skráningunni eða
- hefur hvað eftir annað eða á alvarlegan hátt brotið ákvæði þessarar reglugerðar sem gilda um skilyrði fyrir rekstri lánshæfismatsfyrirtækja.

2. Telji lögbært yfirvald heimaaðildarríkis að eitt af skilyrðunum, sem um getur í 1. mgr., hafi verið uppfyllt skal yfirvaldið tilkynna samræmingaraðila um það og vinna náið með aðilum viðkomandi samstarfshóps í því skyni að ákvarða hvort afturkalla eigi skráningu lánshæfismatsfyrirtækis.

Aðilar að samstarfshópnum skulu vinna sameiginlegt mat og gera allt sem í þeirra valdi stendur til að komast að samkomulagi um nauðsyn þess að afturkalla skráningu lánshæfismatsfyrirtækisins.

Komist þeir ekki að samkomulagi skal lögbært yfirvald heimaaðildarríkis, að beiðni einhvers annars aðila að samstarfshópnum eða að eigin frumkvæði, óska eftir álitum samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal veita álitid innan 15 virkra daga frá viðtöku beiðni þar að lútandi.

Lögbært yfirvald hvers heimaaðildarríkis skal samþykka sjálfstæða ákvörðun um afturköllun skráningar á grundvelli samkomulags innan nefndarinnar.

Ef ekki næst samkomulag milli aðila að samstarfshópnum innan 30 virkra daga frá því samræmingaraðila er tilkynnt um málið, eins og um getur í fyrstu undirgrein, getur lögbært yfirvald heimaaðildarríkis samþykkt sjálfstæða ákvörðun um afturköllun skráningar. Hvers konar frávik í ákvörðun frá álitum annarra aðila að samstarfshópnum og, eftir því sem við á, ráðleggingum samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skulu vera vel rökstudd.

3. Lögbært yfirvald í aðildarríki, þar sem lánshæfismat er notað, sem viðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki gefur út, getur, telji það að eitt af þeim skilyrðum sem um getur í 1. mgr. hafi verið uppfyllt, beið viðkomandi samstarfshóp að athuga hvort skilyrði fyrir afturköllun skráningar séu uppfyllt. Ákveði lögbært yfirvald heimaaðildarríkis að afturkalla ekki skráningu viðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis skal yfirvaldið rökstyðja vel ástæður þess.

4. Ákvörðun um afturköllun skráningar skal koma til framkvæmda þegar í stað í öllu Bandalaginu, með fyrirvara um aðlögunartímabilið vegna notkunar lánshæfismats sem um getur í 2. mgr. 24. gr.

II. KAFLI

SAMSTARFSNEFND EVRÓPSKRA VERÐBRÉFAEFTIRLITSADILA OG LÖGBÆR YFIRVÖLD

21. gr.

Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila

1. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal veita lögbærum yfirvöldum álit í þeim tilvikum sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Lögbær yfirvöld skulu veita og meta það álit áður en lokaákvörðun er tekin samkvæmt þessari reglugerð.

2. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal, eigi síðar en 7. júní 2010, gefa út leiðbeiningar um:

- skráningarferlið og samræmingu á fyrirkomulagi milli lögbærra yfirvalda og samstarfsnefndar evr-

ópskra verðbréfaeftirlitsaðila, þ.m.t. um upplýsingar, sem settar eru fram í II. viðauka, og tungumálafyrirkomulag umsókna, sem lagðar eru fyrir samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila,

- b) rekstrarþætti samstarfshópa, þ.m.t. fyrirkomulag við ákvörðun um aðild að samstarfshópum, beitingu viðmiðana við val á samræmingaraðila, sem um getur í a- til d-lið 5. mgr. 29. gr., skriflegt samkomulag um rekstur samstarfshópa og samkomulag um samræmingu milli samstarfshópa,
 - c) beitingu lögbærra yfirvalda á áritunarfyrirkomulagi skv. 3. mgr. 4. gr. og
 - d) almenna staðla um framsetningu upplýsinga, þ.m.t. uppbyggingu, snið, aðferð og tímabil upplýsingagjafar, sem lánshæfismatsfyrirtæki skulu birta í samræmi við 2. mgr. 11. gr. og 1. lið II. hluta E-þáttar I. viðauka.
3. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal, eigi síðar en 7. september 2010, gefa út leiðbeiningar um:
- a) starfsvenjur við framkvæmd og starfsemi sem lögbær yfirvöld skulu annast samkvæmt þessari reglugerð,
 - b) almenna staðla við mat á því hvort aðferð við lánshæfismat uppfyllir skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. 8. gr.,
 - c) þær ráðstafanir sem um getur í d-lið 1. mgr. 24. gr. til að tryggja að lánshæfismatsfyrirtæki haldi áfram að fara að lagakröfum og
 - d) upplýsingar, sem lánshæfismatsfyrirtæki er skylt að leggja fram með umsókninni, um vottun og mat á kerfislægu mikilvægi hennar fyrir stöðugleika eða heilindi fjármálamarkaða, sem um getur í 5. gr.
4. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal árlega, og í fyrsta sinn eigi síðar en 7. desember 2010, birta skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar. Í skýrslunni skal einkum fjallað um mat á framkvæmd ákvæða I. viðauka hjá lánshæfismatsfyrirtækjum, sem skráð eru samkvæmt þessari reglugerð.
5. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal vinna með evrópsku bankaftirlitsnefndinni sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB ⁽¹⁾ og nefnd evrópskra eftirlitsaðila með váttryggingum og starfstengdum lífeyris-

sjóðum sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB ⁽²⁾ og skal hafa samráð við þær nefndir áður en leiðbeiningarnar, sem um getur í 2. og 3. mgr., eru birtar.

22. gr.

Lögbær yfirvöld

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna lögbært yfirvald að því er þessa reglugerð varðar eigi síðar en 7. júní 2010.
2. Lögbær yfirvöld skulu hafa yfir fullnægjandi starfsliði að ráða, að því er afkastagetu og sérþekkingu varðar, til að geta beitt þessari reglugerð.

23. gr.

Valdheimildir lögbærra yfirvalda

1. Við skyldustörf sín samkvæmt þessari reglugerð skulu hvorki lögbær yfirvöld né önnur opinber yfirvöld aðildarríkis skipta sér af efnisinntaki lánshæfismats eða aðferðum.
2. Til að lögbær yfirvöld geti unnið skyldustörf sín samkvæmt þessari reglugerð skulu þau, í samræmi við landslög, hafa allar þær eftirlitsheimildir og það rannsóknarvald sem nauðsynlegt er að þau hafi til að starfa. Þau skulu beita valdheimildum sínum:
 - a) beint,
 - b) í samstarfi við önnur yfirvöld eða
 - c) með tilmælum til lögbærra dómsmálayfirvalda.
3. Til að lögbær yfirvöld geti unnið skyldustörf sín samkvæmt þessari reglugerð, skulu þau, í samræmi við landslög, hafa eftirlitsheimildir til:
 - a) að fá aðgang að öllum gögnum á hvaða formi sem er og fá í hendur eða taka afrit af þeim,
 - b) að krefjast upplýsinga frá hvaða aðila sem er og, ef þörf er á, boða aðila á fund til þess að afla hjá honum upplýsinga,
 - c) að framkvæma skoðun á staðnum, með eða án fyrirframtilkynningar, og
 - d) að krefjast skráa varðandi símtöl og gagnaumferð.

Lögbær yfirvöld geta aðeins notað þær valdheimildir sem skilgreindar eru í fyrstu undirgrein í tengslum við lánshæfismatsfyrirtæki, aðila sem taka þátt í starfsemi þeirra, metnar einingar og tengda þriðju

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 25, 29.1.2009, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 25, 29.1.2009, bls. 28.

aðila, þriðju aðila, sem lánshæfismatsfyrirtæki hafa útvistað tiltekin hlutverk eða starfsemi til, og aðila sem með öðrum hætti eru skyldir eða tengdir lánshæfismatsfyrirtækjum eða framkvæmd lánshæfismats.

24. gr.

Eftirlitsráðstafanir lögbærra yfirvalda heimaöldarríkisins

1. Ef lögbær yfirvöld heimaöldarríkis hafa komist að þeirri niðurstöðu að skráð lánshæfismatsfyrirtæki brjóti í bága við þær skuldbindingar sem leiða af þessari reglugerð geta þau gripið til eftirfarandi ráðstafana:

- a) afturkallað skráningu lánshæfismatsfyrirtækisins í samræmi við 20. gr.,
- b) bannað lánshæfismatsfyrirtækinu tímabundið að gefa út lánshæfismat og skal það bann gilda alls staðar í Bandalaginu,
- c) fresta notkun lánshæfismats, sem lánshæfismatsfyrirtæki gefur út, í eftirlitsskyni og skal sú frestun eiga við í gervöllu Bandalaginu,
- d) gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að lánshæfismatsfyrirtæki uppfylli áfram lagaskilyrði,
- e) gefa út opinberar tilkynningar,
- f) vísa málum til saksóknar hjá viðeigandi landsyfirvöldum,

2. Lánshæfismat má nota áfram í eftirlitsskyni í kjölfar samþykktar ráðstafana í a- og c-lið 1. mgr. á tímabili sem er ekki lengra en:

- a) tíu virkir dagar ef til er lánshæfismat á sömu fjármálagerningum eða einingum sem aðrar lánshæfismatstofnanir, sem skráðar eru samkvæmt þessari reglugerð, gefa út, eða
- b) þrjú mánuðir ef ekki er til lánshæfismat á sömu fjármálagerningum eða einingum sem aðrar lánshæfismatstofnanir, sem skráðar eru samkvæmt þessari reglugerð, gefa út.

Lögbært yfirvald getur framlengt tímabilið, sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar, um þrjú mánuði í undantekningartilvikum vegna hugsanlegrar truflunar á markaði eða fjárhagslegs óstöðugleika.

3. Áður en nokkrar ráðstafanir, sem um getur í 1. mgr., eru gerðar skal lögbært yfirvald heimaöldarríkis tilkynna það samræmingaraðila og hafa samráð við aðila að viðkomandi samstarfshópi. Aðilar að samstarfshópnum skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að komast að samkomulagi um nauðsyn

þess að gera hvers konar ráðstafanir sem um getur í 1. mgr.

Ef þeir komast ekki að samkomulagi skal lögbært yfirvald heimaöldarríkis, að beiðni hvaða annars aðila að samstarfshópnum sem er eða að eigin frumkvæði, óska eftir álitum frá samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal veita álitid innan 10 virkra daga frá viðtöku beiðni þar að lútandi.

Ef ekki næst samkomulag milli aðila að samstarfshópnum um hvort eigi að gera einhverjar þær ráðstafanir sem um getur í 1. mgr. innan 15 virkra daga frá tilkynningu til samræmingaraðilans, eins og um getur í fyrstu undirgrein, getur lögbært yfirvald heimaöldarríkis samþykkt ákvörðun. Hvers konar frávik í þeirri ákvörðun frá álitum annarra aðila að samstarfshópnum og, eftir því sem við á, álitum samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skulu vera vel rökstudd. Lögbært yfirvald heimaöldarríkis skal tilkynna ákvörðun sína, án tafar, til samræmingaraðila og samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila.

Þessi málsgrein gildir með fyrirvara um 20. gr.

25. gr.

Eftirlitsráðstafanir lögbærra yfirvalda annarra en lögbærs yfirvalds heimaöldarríkis

1. Ef lögbær yfirvöld heimaöldarríkis hafa komist að þeirri niðurstöðu að skráð lánshæfismatsfyrirtæki, sem gefur út lánshæfismat, sem notað er innan yfirráðasvæðis þess ríkis, brjóti í bága við þær skuldbindingar sem leiða af þessari reglugerð, geta þau gripið til eftirfarandi ráðstafana:

- a) samþykkt eftirlitsráðstafanirnar sem um getur í e- og f-lið 1. mgr. 24. gr.,
 - b) samþykkt ráðstafanir sem um getur í d-lið 1. mgr. 24. gr. innan yfirráðasvæðis síns og þannig vegið og metið á viðeigandi hátt ráðstafanir sem lögbært yfirvald heimaöldarríkisins hefur þegar gert eða fyrirhugar,
 - c) fellt niður tímabundið, í eftirlitsskyni, notkun lánshæfismats þeirra lánshæfismatsfyrirtækja sem um getur í 1. mgr. 4. gr. og sem hafa skráða skrifstofu innan lögsögu yfirvaldanna, með fyrirvara um aðlögunartímabil sem um getur í 2. mgr. 24. gr.,
 - d) krafist þess að viðeigandi samstarfshópur rannsaki hvort þær ráðstafanir sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 24. gr. séu nauðsynlegar.
2. Áður en ráðstafanir, sem um getur í a-, b- eða c-

lið 1. mgr., eru gerðar skal lögbært yfirvald heima- aðildarríkis tilkynna það samræmingaraðila og hafa samráð við aðila viðkomandi samstarfshóps. Aðilar samstarfshópsins skulu gera allt sem í þeirra valdi stendur til að komast að samkomulagi um nauðsyn þess að gera hvers konar ráðstafanir sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. Ef þeir komast ekki að samkomu- lagi skal samræmingaraðili, að beiðni einhvers annars aðila samstarfshópsins eða að eigin frumkvæði, leita álits frá samstarfsnefnd evrópskra verðbréfa- eftirlitsaðila. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfa- eftirlitsaðila skal veita álitið innan 10 virkra daga frá viðtöku þess háttar óskar.

3. Ef samkomulag næst ekki milli aðila að sam- starfshópnum innan 15 virkra daga frá tilkynningu málsins til samræmingaraðila í samræmi við 2. mgr. getur lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis samþykkt ákvörðun. Hvers konar frávik í ákvörðun frá áliti annarra aðila að samstarfshópnum og, eftir því sem við á, áliti samstarfsnefndar evrópskra verð- bréfaeftirlitsaðila skulu vera vel rökstudd. Lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis skal tilkynna ákvörðun sína, án tafar, til samræmingaraðilans og samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila.

4. Ákvæði þessarar greinar gilda með fyrirvara um 20. gr.

III. KAFLI

SAMVINNA MILLI LÖGBÆRRA YFIRVALDA

26. gr.

Samstarfs skylda

1. Lögbær yfirvöld skulu vinna saman ef það er nauðsynlegt að því er þessa reglugerð varðar, þ.m.t. í tilvikum þar sem háttsemi, sem er til rannsóknar, felur ekki í sér brot á ákvæðum gildandi laga eða reglna sem gilda í hlutaðeigandi aðildarríki.

2. Lögbær yfirvöld skulu einnig vinna náið með lögbærum yfirvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með þeim fyrirtækjum sem um getur í 1. mgr. 4. gr.

27. gr.

Upplýsingaskipti

1. Lögbær yfirvöld skulu tafarlaust leggja fram til hvors annars þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að þau uppfylli skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð.

2. Lögbær yfirvöld geta sent lögbærum yfirvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með fyrirtækjum sem um getur í 1. mgr. 4. gr., seðlabönkum, Seðlabankakerfi Evrópu og Seðlabanka Evrópu, sem gegna hlutverki

yfirvalda í peningamálum, og, þar sem við á, öðrum opinberum yfirvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með greiðslukerfum, trúnaðarupplýsingar ætlaðar til framkvæmdar á verkefnum þeirra. Ekki skal heldur komið í veg fyrir að þau yfirvöld eða þeir aðilar sendi lögbærum yfirvöldum upplýsingar sem þau gætu þarfnast til að vinna skyldustörf sín samkvæmt þessari reglugerð.

28. gr.

Samvinna þegar um beiðni um skoðun á staðnum eða rannsóknir er að ræða

1. Lögbært yfirvald í einu aðildarríki getur beiðið um aðstoð lögbærs yfirvalds annars aðildarríkis að því er skoðun á staðnum eða rannsóknir varðar.

Lögbært yfirvald, sem leggur fram þess háttar beiðni, skal upplýsa samstarfsnefnd evrópskra verð- bréfaeftirlitsaðila um hverja þá beiðni sem um getur í fyrstu undirgrein. Ef um rannsókn eða skoðun sem hefur áhrif yfir landamæri er að ræða getur lögbært yfirvald óskað eftir því að samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila taki að sér samræmingu rann- sóknar eða skoðunar.

2. Ef lögbært yfirvald fær beiðni frá lögbæru yfir- valdi annars aðildarríkis um að framkvæma skoðun á staðnum eða rannsókn skal það:

- a) sjálft annast skoðunina á staðnum eða rannsókn- ina,
- b) leyfa lögbæra yfirvaldinu, sem lagði fram beiðn- ina, að taka þátt í skoðun á staðnum eða rann- sókn,
- c) leyfa lögbæra yfirvaldinu, sem lagði fram beiðn- ina, að framkvæma sjálft skoðun á staðnum eða rannsókn,
- d) tilnefna endurskoðendur eða sérfræðinga til að annast skoðun á staðnum eða rannsókn eða
- e) deila tilteknum verkefnum í tengslum við eftir- litsstarfsemi með öðrum lögbærum yfirvöldum.

29. gr.

Samstarfshópar lögbærra yfirvalda

1. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis eða, þegar um er að ræða samstæðu lánshæfismatsfyrirtækja, lögbært yfirvald heimaaðildarríkis þess lánshæfis- matsfyrirtækis sem hefur umboð skv. 2. mgr. 15. gr., skal innan 10 virkra daga frá viðtöku skráningar skv. 15. gr. koma á fót samstarfshópi lögbærra yfirvalda í því skyni að greiða fyrir þeim verkefnum sem um getur í 4., 5., 6., 16., 17., 20., 24., 25. og 28. gr.

2. Í samstarfshópnum skulu vera lögbært yfirvald heimaáðildarríkis og þau lögbæru yfirvöld sem um getur í 3. mgr., ef um er að ræða eitt lánshæfismatsfyrirtæki, eða lögbær yfirvöld heimaáðildarríkisins og lögbæru yfirvöldin sem um getur í 3. mgr. ef um er að ræða samstæðu lánshæfismatsstofnana.

3. Lögbært yfirvald, þó ekki lögbært yfirvald heimaáðildarríkis, getur hvenær sem er ákveðið að verða aðili að samstarfshópnum að því tilskildu að:

- a) útibúi, sem er hluti af lánshæfismatsfyrirtæki, eða eitt af fyrirtækjum samstæðu lánshæfismatsfyrirtækja, sé komið á fót á yfirráðasvæði þess, eða
- b) notkun lánshæfismats, sem viðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki eða samstæða lánshæfismatsfyrirtækja gefur út í eftirlitsskyni, sé útbreidd eða hafi eða sé líkleg til að hafa veruleg áhrif innan lögsögu þess.

4. Önnur lögbær yfirvöld en aðilar að samstarfshópnum, eins og um getur í 3. mgr., geta tekið þátt í fundi eða starfsemi samstarfshópsins, þegar lánshæfismat sem viðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki eða samstæða lánshæfismatsfyrirtækja gefur út er notað innan lögsögu þeirra.

5. Innan 15 virkra daga frá stofnun samstarfshópsins skulu aðilar að honum velja sér samræmingaraðila en hafa samráð við samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila ef samkomulag næst ekki. Í þeim tilgangi skal í það minnsta taka tillit til eftirfarandi viðmiðana:

- a) tengsla milli lögbærra yfirvalda og lánshæfismatsfyrirtækis eða samstæðu lánshæfismatsfyrirtækja,
- b) umfangs notkunar á lánshæfismati í eftirlitsskyni á tilteknu svæði eða svæðum,
- c) þess staðar innan Bandalagsins þar sem lánshæfismatsfyrirtæki eða samstæða lánshæfismatsfyrirtækja stundar eða fyrirhugar að stunda meginhluta lánshæfismatsstarfsemi sinnar og
- d) stjórnsýslulegs hagræðis, bestunar byrða og viðeigandi dreifingar vinnuálags.

Aðilar að samstarfshópnum skulu endurskoða val á samræmingaraðila a.m.k. á fimm ára fresti til þess að tryggja að sá sem er valin falli best að þeim viðmiðunum sem um getur í fyrstu undirgrein.

6. Samræmingaraðili skal vera í forsæti á fundum samstarfshópsins, samræma aðgerðir hópsins og tryggja skilvirk upplýsingaskipti milli aðila að samstarfshópnum.

7. Til að tryggja náð samstarf lögbærra yfirvalda innan samstarfshópsins skal samræmingaraðili, innan 10 virkra daga frá því að hann er valinn, koma á laggirnar skriflegu samræmingarfyrirkomulagi innan ramma samstarfshópsins að því er varðar eftirfarandi mál:

- a) upplýsingar sem lögbærum yfirvöldum ber að miðla sín í milli,
- b) ferli við ákvarðanatöku milli lögbærra yfirvalda, án þess að það hafi áhrif á 16., 17. og 20. gr.,
- c) tilvik þar sem lögbærum yfirvöldum ber að hafa innbyrðis samráð,
- d) tilvik þar sem lögbærum yfirvöldum ber að beita málamiðlunarfyrikomulagi, sem um getur í 31. gr., og
- e) tilvik þar sem lögbær yfirvöld geta úthlutað eftirlitsverkefnum í samræmi við 30. gr.

8. Ef ekki næst samkomulag um skriflegt samræmingarfyrirkomulag skv. 7. mgr. geta aðilar að samstarfshópnum vísað málinu til samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila. Samræmingaraðilinn skal taka tilhlýðilegt tillit til álits frá samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila varðandi skriflega samræmingarfyrirkomulagið áður en hann samþykkir lokaútgáfu þess. Skriflega samræmingarfyrirkomulagið skal sett fram í einu skjali þar sem ítarlegar ástæður hvers konar marktæks fráviks frá ráðgjöf samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila eru tilgreindar. Samræmingaraðili skal senda skriflega samræmingarfyrirkomulagið til aðila að samstarfshópnum og samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila.

30. gr.

Úthlutun verkefna milli lögbærra yfirvalda

Lögbært yfirvald heimaáðildarríkis getur úthlutað hvaða verkefni sínu sem er til lögbærs yfirvalds annars aðildarríkis, með fyrirvara um að það yfirvald fallist á það. Úthlutun verkefna skal ekki hafa áhrif á ábyrgð þess lögbæra yfirvalds sem úthlutar verkefni.

31. gr.

Málamiðlun

1. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal koma á fót málamiðlunarfyrikomulagi til að aðstoða við að finna sameiginlegt álit meðal hlutaðeigandi lögbærra yfirvalda.

2. Ef um ósamkomulag er að ræða milli lögbærra

yfirvalda varðandi rannsókn eða aðgerð samkvæmt þessari reglugerð skulu þau vísa málinu til samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila til mála- miðlunar. Hlutaðeigandi lögbær yfirvöld skulu taka tilhlýðilegt tillit til álits samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila og rökstyðja vel ástæður fyrir hvers konar frávikum frá því álit.

32. gr.

Pagnarskylda

1. Pagnarskylda gildir um alla einstaklinga sem vinna eða hafa unnið fyrir samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila, lögbært yfirvald eða hvert það yfirvald eða einstakling sem lögbæra yfirvaldið hefur úthlutað verkefnum til, þ.m.t. endurskoðendur og sérfræðingar sem lögbæra yfirvaldið er bundið samningi. Upplýsingar, sem falla undir pagnarskyldu, má ekki afhenda neinum öðrum aðila eða öðru yfirvaldi nema nauðsyn beri til vegna málarekstrar.

2. Allar upplýsingar, sem miðlað er milli samstarfsnefnda evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila og lögbærra yfirvalda og milli lögbærra yfirvalda samkvæmt þessari reglugerð, teljast vera trúnaðarupplýsingar, nema samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila eða hlutaðeigandi lögbært yfirvald taki það fram við upplýsingaskiptin að birta megi viðkomandi upplýsingar eða að slík birting sé nauðsynleg vegna málarekstrarins.

33. gr.

Birting upplýsinga frá öðru aðildarríki

Lögbært yfirvald aðildarríkis má aðeins birta upplýsingar sem tekið er við frá lögbæru yfirvaldi annars aðildarríkis ef það hefur skýlaust samþykki þess lögbæra yfirvalds sem sendi upplýsingarnar og, eftir atvikum, séu upplýsingarnar aðeins birtar í þeim tilgangi sem það lögbæra yfirvald samþykkti, eða ef sú birting er nauðsynleg vegna málarekstrar.

IV. KAFLI

SAMVINNA VIÐ ÞRIÐJU LÖND

34. gr.

Samningar um upplýsingaskipti

Lögbærum yfirvöldum er aðeins heimilt að gera samstarfssamninga um upplýsingaskipti við lögbær yfirvöld í þriðju löndum ef um upplýsingarnar ríkir þagnarskylda sem er að lágmarki jafngild þeirri sem sett er fram í 32. gr.

Slík upplýsingaskipti skulu ætluð til framkvæmdar verkefna þessara lögbæru yfirvalda.

Að því er sendingu persónuupplýsinga til þriðja lands varðar, skulu aðildarríki beita tilskipun 95/46/EB.

35. gr.

Birting upplýsinga frá þriðju löndum

Lögbært yfirvald aðildarríkis má aðeins birta upplýsingar sem tekið er við frá lögbærum yfirvöldum þriðju landa ef það hefur skýlaust samþykki þess lögbæra yfirvalds sem sendi upplýsingarnar og, eftir atvikum, séu upplýsingarnar aðeins birtar í þeim tilgangi sem það lögbæra yfirvald samþykkti, eða ef sú birting er nauðsynleg vegna málarekstrar.

IV. HLUTI

VIÐURLÖG, NEFNDARMEÐFERÐ, SKÝRSLUGJÖF OG ADLÖGUNAR- OG LOKAÁKVÆÐI

I. KAFLI

VIÐURLÖG, NEFNDARMEÐFERÐ OG SKÝRSLUGJÖF

36. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem mælt er fyrir um, skulu vera skilvirk, í hóflegu hlutfalli við brotið og letjandi.

Aðildarríkin skulu tryggja að lögbært yfirvald birti opinberlega upplýsingar um öll viðurlög sem beitt hefur verið við broti á þessari reglugerð, nema birtingin kunní að tefla fjármálamarkaðnum í tvísýnu eða valda hlutaðeigandi aðilum óhóflegum skaða.

Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 7. desember 2010, tilkynna reglurnar sem um getur í fyrstu undirgrein til framkvæmdastjórnarinnar. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, án tafar, um hvers konar síðari breytingar á reglunum.

37. gr.

Breytingar á viðaukum

Framkvæmdastjórnin getur breytt viðaukunum í þeim tilgangi að taka til greina þróun, þ.m.t. alþjóðlega þróun, á fjármálamörkuðum, einkum í tengslum við nýja fjármálagerninga og með tilliti til samleitni eftirlitsstarfsemi.

Samþykkja skal þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, í

samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun, sem um getur í 2. mgr. 38. gr.

38. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar evrópsku verðbréfanefndarinnar, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/528/EB⁽¹⁾.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

39. gr.

Skýrslur

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 7. desember 2012, vinna mat á beitingu þessarar reglugerðar, þ.m.t. mat á trausti á lánshæfismati í Bandalaginu, á áhrifum á samþjöppun á lánshæfismarkaðnum, á kostnaði og ávinningi af áhrifum reglugerðarinnar og hversu viðeigandi greiðslur frá metnu einingunni til lánshæfismatsfyrirtækis eru (sú aðferð að útgefandi greiði fyrir matið), og skila skýrslu um það til Evrópuþingsins og ráðsins.

2. Framkvæmdastjórnin skal með hliðsjón af viðræðum við lögbær yfirvöld, eigi síðar en 7. desember 2010, meta beitingu III. bóls þessarar reglugerðar, einkum samstarf lögbærra yfirvalda, réttarstöðu samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila og eftirlitsstarfsemi. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu um þau mál fyrir Evrópuþingið og ráðið með tillögum um endurskoðun bólsins, eftir því sem við á.

Skýrslan skal vísa til tillögu framkvæmdastjórnarinnar frá 12. nóvember 2008 um reglusetningu um lánshæfismatsfyrirtæki og skýrslu efnahags- og peningamálanefndar Evrópuþingsins frá 23. mars 2009 varðandi þá tillögu.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 7.

desember 2010 og með hliðsjón af þróun reglu- og eftirlitsstarfsemi að því er lánshæfismatsfyrirtæki í þriðju löndum varðar, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið varðandi áhrif þeirrar þróunar og bráðabirgðaákvæða sem um getur í 40. gr. um stöðugleika fjármálamarkaða í Bandalaginu.

II. KAFLI

BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI

40. gr.

Bráðabirgðaákvæði

Lánshæfismatsfyrirtæki sem starfa í Bandalaginu fyrir 7. júní 2010 (starfandi lánshæfismatsfyrirtæki), sem fyrirhuga að sækja um skráningu samkvæmt þessari reglugerð, skulu samþykkja allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvæðum hennar eigi síðar en 7. september 2010.

Lánshæfismatsfyrirtæki skulu leggja inn umsókn um skráningu í fyrsta lagi 7. júní 2010. Starfandi lánshæfismatsfyrirtæki skulu leggja inn umsókn um skráningu eigi síðar en 7. september 2010.

Starfandi lánshæfismatsfyrirtækjum er heimilt að halda áfram að gefa út lánshæfismat til notkunar í eftirlitsskyni af fjármálastofnunum, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., nema skráningu sé hafnað. Ef skráningu er hafnað skal beita 2. mgr. 24. gr.

41. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda á gildistökudegi. Þó gildir eftirfarandi:

- Ákvæði 1. mgr. 4. gr. frá 7. desember 2010 og
- f-, g- og h-liður 3. mgr. 4. gr. frá 7. júní 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 16. september 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins, Fyrir hönd ráðsins,

J. BUZEK

C. MALMSTRÖM

forseti.

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 191, 13.7.2001, bls. 45.

I. VIÐAUKI

ÓHÆÐI OG LEIÐIR TIL AÐ KOMAST HJÁ HAGSMUNAÁREKSTRUM

A-ÞÁTTUR

Skipulagskröfur

1. Lánshæfismatsfyrirtæki skal hafa yfirstjórn eða eftirlitsstjórn. Yfirstjórn þess skal sjá til þess:
 - a) að lánshæfismatsstarfsemi sé óháð, þ.m.t. öllum pólitískum og efnahagslegum áhrifum eða hömlum,
 - b) að hagsmunaárekstrar séu skilgreindir, þeim stjórnað og upplýst um þá með viðeigandi hætti,
 - c) að lánshæfismatsfyrirtæki starfi í samræmi við önnur skilyrði þessarar reglugerðar.
2. Lánshæfismatsfyrirtæki skal skipulagt þannig að tryggt sé að viðskiptahagsmunir þess skerði ekki óhæði eða nákvæmni lánshæfismatsstarfseminnar.

Yfirstjórn lánshæfismatsfyrirtækis skal hafa óflekkað mannorð og búa yfir fullnægjandi færni og reynslu, og skal hún sjá til þess að stjórnun lánshæfismatsfyrirtækis sé traust og varfærin.

Að minnsta kosti þriðjungur en ekki færri en tveir stjórnarmanna í yfirstjórn eða eftirlitsstjórn lánshæfismatsfyrirtækis skulu vera óháðir stjórnarmenn sem ekki taka þátt í lánshæfismatsstarfsemi.

Greiðslur til óháðra stjórnarmanna í yfirstjórn eða eftirlitsstjórn skulu ekki tengdar afkomu lánshæfismatsfyrirtækis og skal fyrirkomulag þeirra vera þannig að óhæði þessara stjórnarmanna við mat sé tryggt. Skipunartími óháðra stjórnarmanna í yfirstjórn eða eftirlitsstjórn skal vera fast tímabil sem er fyrirfram ákveðið, þó ekki lengra en fimm ár og ekki framlengjanlegt. Aðeins skal víkja óháðum stjórnarmönnum úr yfirstjórn eða eftirlitsstjórn ef um misferli eða ófullnægjandi faglega frammistöðu er að ræða.

Meirihluti stjórnarmanna í yfirstjórn eða eftirlitsstjórn, þ.m.t. óháðir stjórnarmenn í þeim, skulu búa yfir fullnægjandi sérþekkingu á fjármálaþjónustu. Að minnsta kosti einn óháður stjórnarmaður og einn annar stjórnarmaður skulu, að því tilskildu að lánshæfismatsfyrirtæki gefi út lánshæfismat vegna samsettra fjármálagerna, hafa ítarlega þekkingu og reynslu sem yfirmenn á mörkuðum fyrir samsetta fjármálagerna.

Auk heildarábyrgðar stjórnarinnar skulu óháðir stjórnarmenn í yfirstjórn eða eftirlitsstjórn fá það sem sérstakt verkefni að hafa eftirlit með:

- a) þróun lánshæfismatsstefnu og aðferðum sem lánshæfismatsfyrirtæki notar í lánshæfismatsstarfsemi,
- b) skilvirkni innra gæðastýringarkerfis lánshæfismatsfyrirtækis í tengslum við lánshæfismatsstarfsemi,
- c) skilvirkni ráðstafana og verklagsreglna sem komið er á til að tryggja að hagsmunaárekstrar séu greindir, þeim afstýrt eða stjórnað og upplýst um þá, og
- d) ferlum reglufylgni og stjórnunarháttá, þ.m.t. skilvirkni endurskoðunarferlis sem um getur í 9. lið þessa þáttar.

Álit óháðra stjórnarmanna í yfirstjórn eða eftirlitsstjórn, sem gefið er út um málefni, sem um getur í a- til d-lið, skal leggja reglubundið fyrir stjórn og gert aðgengilegt lögbærum yfirvöldum að framkominni beiðni þar um.

3. Lánshæfismatsfyrirtæki skal móta fullnægjandi stefnu og verklagsreglur til að tryggja að það sinni skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð.
4. Lánshæfismatsfyrirtæki skal hafa yfir traustum aðferðum að ráða fyrir stjórnun og reikningsskil, innri eftirlitskerfi, skilvirkar verklagsreglur fyrir áhættumat og skilvirkt eftirlits- og öryggisfyrirkomulag fyrir gagnavinnslukerfi.

Þessi innri eftirlitskerfi skulu hönnuð þannig að þau tryggi að öllum ákvörðunum og verklagsreglum sé fylgt á öllum stigum lánshæfismatsfyrirtækisins.

Lánshæfismatsfyrirtæki skal koma á og viðhalda tilhögun ákvarðanatöku og stjórnskipulagi þar sem skjalfest er og skýrt tilgreint hvernig boðleiðum og skiptingu starfa og ábyrgðar er háttað.

5. Lánshæfismatsfyrirtæki skal koma á fót og viðhalda varanlegri og skilvirkri regluvörsludeild (regluvarsla) sem er óháð. Regluvarsla skal hafa eftirlit með og skila skýrslu um það hvort lánshæfismatsfyrirtæki og starfsmenn þess uppfylli skyldur lánshæfismatsfyrirtækis samkvæmt þessari reglugerð. Regluvarsla skal:
 - a) fylgjast með og meta reglulega hæfi og skilvirkni ráðstafana og ferla sem komið er á í samræmi við 3. lið og aðgerða sem gripið er til til að taka á annmörkum á því að lánshæfismatsfyrirtæki uppfylli skyldur sínar,
 - b) veita ráðleggingar og aðstoð til stjórnenda, greinenda, starfsmanna og allra annarra einstaklinga sem veita þjónustu, sem stendur lánshæfismatsfyrirtæki til boða eða undir eftirliti þess, eða hverjum þeim aðila sem er tengdur lánshæfismatsfyrirtækinu beint eða óbeint í gegnum yfirráð og ber ábyrgð á framkvæmd lánshæfismatsstarfsemi, að því er varðar að uppfylla skyldur lánshæfismatsfyrirtækis samkvæmt þessari reglugerð.
6. Til þess að gera regluvörslu kleift að uppfylla skyldur sínar með réttum og óháðum hætti, skal lánshæfismatsfyrirtæki tryggja að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
 - a) regluvarsla hefur nauðsynlegt vald, úrræði, sérfræðipækkingu og aðgang að öllum upplýsingum sem skipta máli,
 - b) tilnefndur er regluvörður sem ber ábyrgð á regluvörslu og allri skýrslugjöf varðandi uppfyllingu ákvæða sem krafist er samkvæmt 3. lið,
 - c) stjórnendur, greinendur, starfsmenn og allir aðrir einstaklingar sem veita þjónustu, sem stendur lánshæfismatsfyrirtæki til boða eða eru undir eftirliti þess, eða hver sá aðili sem er tengdur lánshæfismatsfyrirtækinu beint eða óbeint í gegnum yfirráð og tekur þátt í regluvörslu, eigi ekki þátt í frammistöðu þeirrar lánshæfismatsstarfsemi sem þeir hafa eftirlit með,
 - d) greiðslur til regluvarðar skulu ekki tengdar afkomu lánshæfismatsfyrirtækis og skulu skipulagðar með þeim hætti að óhæði regluvarðarins sé tryggt.

Regluvörður skal tryggja að hvers konar hagsmunaárekstrar sem tengjast þeim aðilum sem þjónusta regluvörslu séu greindir og þeim afstýrt á tilhlýðilegan hátt.

Regluvörður skal reglulega skila skýrslu um framkvæmd á skyldum sínum til yfirstjórnar og óháðu aðilanna í yfirstjórn eða eftirlitsstjórn.

7. Lánshæfismatsfyrirtæki skal koma á viðeigandi og skilvirku skipulags- og stjórnunarfyrirkomulagi til að koma í veg fyrir, greina, afstýra eða stjórna og upplýsa um hvers konar hagsmunaárekstra sem um getur í 1. lið B-þáttar. Fyrirtækið skal gera ráðstafanir þess efnis að haldin sé skrá yfir allar mikilvægar ógnir við óhæði lánshæfismatsstarfsemi, þ.m.t. við reglur um greinendur sem um getur í C-þætti, sem og þær verndarráðstafanir sem beitt er til að draga úr þeim ógnum.
8. Lánshæfismatsfyrirtæki skal nota viðeigandi kerfi, aðföng og verklagsreglur til að tryggja samfelldni og reglufestu í frammistöðu lánshæfismatsstarfsemi sinnar.
9. Lánshæfismatsfyrirtæki skal koma á endurskoðunareiningu sem ber ábyrgð á reglubundinni endurskoðun á aðferðafræði þess, líkönum og lykilsforsendum við mat, s.s. stærðfræði- og fylgniforsendum, og hvers konar mikilvægum breytingum eða lagfæringum á þeim sem og því hve viðeigandi viðkomandi aðferðir, líkón eða lykilsforsendur eru þegar þær eru notaðar eða ætlaðar til notkunar við mat á nýjum fjármálagerningum.

Sú endurskoðunareining skal vera óháð viðskiptasviðum sem bera ábyrgð á lánshæfismatsstarfsemi og gefa skýrslu til aðila yfir- eða eftirlitsstjórnar, sem um getur í 2. lið þessa þáttar.
10. Lánshæfismatsfyrirtæki skal hafa eftirlit með og meta hvort kerfi, innri eftirlitskerfi og fyrirkomulag sem komið er á í samræmi við þessa reglugerð sé fullnægjandi og skilvirkt og grípa til viðeigandi ráðstafana til að taka á annmörkum.

B-ÞÁTTUR**Rekstrarskilyrði**

1. Lánshæfismatsfyrirtæki skal, greina, afstýra eða stjórna og birta upplýsingar um, á skýran og áberandi hátt, hvers konar raunverulega eða mögulega hagsmunaárekstra sem gætu haft áhrif á mat og dómgreind greinenda þess, starfsmanna eða annarra einstaklinga sem veita þjónustu, sem stendur lánshæfismatsfyrirtæki til boða eða er undir eftirliti þess, og taka beinan þátt í útgáfu lánshæfismats og aðila sem samþykkja lánshæfismat.
2. Lánshæfismatsfyrirtæki skal birta opinberlega nöfn þeirra metnu eininga eða tengdra þriðju aðila sem það fær yfir 5% af árstekjum sínum frá.
3. Lánshæfismatsfyrirtæki skal annað hvort ekki gefa út lánshæfismat við eftirfarandi kringumstæður, eða, ef um er að ræða útgefið lánshæfismat, tafarlaust birta upplýsingar um það að eftirfarandi gæti haft áhrif á lánshæfismatið:
 - a) lánshæfismatsfyrirtæki eða aðili sem um getur í 1. lið, á með beinum eða óbeinum hætti fjármálagerninga metinnar einingar eða tengds þriðja aðila, eða hefur með öðrum beinum eða óbeinum hætti eignarhald í þeirri einingu eða aðila, aðra en eignarhlutdeild í eignadreifðum sameiginlegum fjárfestingarsjóðum, þ.m.t. stýrðum sjóðum svo sem lífeyrissjóðum eða líftryggingum,
 - b) lánshæfismat er gefið út að því er tekur til metinnar einingar eða tengds þriðja aðila, sem er tengdur lánshæfismatsfyrirtæki með beinum eða óbeinum hætti í gegnum yfirráð,
 - c) aðili sem um getur í 1. lið er aðili yfir- eða eftirlitsstjórnar metnu einingarinnar eða tengds þriðja aðila eða
 - d) greinandi sem tók þátt í gerð lánshæfismats, eða aðili sem samþykkti lánshæfismat, hefur haft tengsl við metnu eininguna eða tengdan þriðja aðila og gæti það orsakað hagsmunaárekstra.

Lánshæfismatsfyrirtæki skal einnig tafarlaust meta hvort ástæða sé til að endurmeta eða afturkalla útgefið lánshæfismat.
4. Lánshæfismatsfyrirtæki skal ekki veita ráðgjöf eða ráðgjafarþjónustu til metnu einingarinnar eða tengds þriðja aðila varðandi félagsform eða rekstrarform að lögum, eignir, skuldbindingar eða starfsemi þeirrar metnu einingar eða tengds þriðja aðila.

Lánshæfismatsfyrirtæki getur veitt aðra þjónustu en útgáfu lánshæfismats (stoðþjónustu). Stoðþjónusta er ekki hluti af lánshæfismatsstarfsemi, heldur nær yfir markaðsspár, mat á efnahagsþróun, greiningu á verðlagningu og aðra almenna greiningu upplýsinga sem og tengda dreifingarþjónustu.

Lánshæfismatsfyrirtæki skal tryggja að veiting stoðþjónustu valdi ekki hagsmunaárekstrum við lánshæfismatsstarfsemi sína og skal í endanlegum matsskýrslum birta upplýsingar um hvers konar stoðþjónustu sem veitt er metinni einingu eða tengdum þriðja aðila.
5. Lánshæfismatsfyrirtæki skal tryggja að greinendur eða aðilar sem samþykkja mat geri ekki tillögur eða veiti ráðleggingar, hvort sem er formlega eða óformlega, varðandi útfærslu samsettra fjármálagerninga sem vænst er að lánshæfismatsfyrirtækið muni gefa út lánshæfismat um.
6. Lánshæfismatsfyrirtæki skal útfæra skýrslugjöf og samskiptaleiðir með þeim hætti að tryggja óhæði þeirra aðila sem um getur í 1. lið frá annarri starfsemi lánshæfismatsfyrirtækisins sem fer fram á viðskiptagrundvelli.
7. Lánshæfismatsfyrirtæki skal sjá til þess að skrár séu fullnægjandi og, eftir því sem við á, að skoðunarskrár lánshæfismatsstarfsemi þess séu varðveittar. Þessar skrár skulu innihalda:
 - a) að því er varðar hverja ákvörðun um lánshæfismat, auðkenni þeirra greinenda sem taka þátt í ákvörðun lánshæfismatsins, auðkenni þeirra aðila sem hafa samþykkt lánshæfismatið, upplýsingar um það hvort óskað var eftir lánshæfismatinu eða hvort það var óumbeðið og dagsetningu þess dags þegar lánshæfismatið var framkvæmt,

- b) bókhaldsgögn vegna greiðslna frá öllum metnum einingum eða tengdum þriðju aðilum eða notendum mats,
 - c) bókhaldsgögn vegna hvers áskrifanda að lánshæfismati eða tengdri þjónustu,
 - d) skrár yfir þá verkferla og aðferðir sem lánshæfismatsfyrirtæki notar við ákvörðun lánshæfismats,
 - e) innri skrár og skjöl, þ.m.t. óopinberar upplýsingar og vinnuskjöl, sem notuð eru til grundvallar hvers konar ákvarðana um lánshæfismat,
 - f) lánshæfisgreiningarskýrslur, lánshæfismatsskýrslur og einkalánshæfismatsskýrslur og innri skrár, þ.m.t. óopinberar upplýsingar og vinnuskjöl, sem notuð eru til grundvallar þeirra skoðana sem lýst er í skýrslunum,
 - g) skrár um verklagsreglur og ráðstafanir sem lánshæfismatsfyrirtæki gerir í því skyni að fara að þessari reglugerð og
 - h) afrit af innri og ytri samskiptum, þ.m.t. rafrænum samskiptum, sem lánshæfismatsfyrirtæki og starfsmenn þess taka á mót og senda í tengslum við lánshæfismatsstarfsemi.
8. Skrár og skoðunarskrár sem um getur í 7. lið skulu geymdar í húsnæði skráða lánshæfismatsfyrirtækisins í að minnsta kosti fimm ár og vera aðgengilegar lögbærum yfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkis að beiðni þeirra.
- Ef skráning lánshæfismatsfyrirtækis er afturkölluð, skulu skrárnar geymdar í a.m.k. þrjú ár til viðbótar.
9. Skjöl þar sem réttindi og skyldur lánshæfismatsfyrirtækis og metnu einingarinnar eða tengdra þriðju aðila hennar samkvæmt samkomulagi um að veita lánshæfismatsþjónustu eru sett fram, skulu geymd í það minnsta á gildistíma samningsins við metnu eininguna eða tengda þriðju aðila hennar.

C-ÞÁTTUR

Reglur um greinendur og aðra aðila sem taka beinan þátt í lánshæfismatsstarfsemi

1. Greinendur, starfsfólk lánshæfismatsfyrirtækis sem og allir aðrir einstaklingar sem veita þjónustu, sem stendur lánshæfismatsfyrirtæki til boða eða eru undir eftirliti þess, og taka beinan þátt í lánshæfismatsstarfsemi, sem og aðilar sem eru nátengdir þeim í skilningi 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2004/72/EB⁽¹⁾, skulu ekki kaupa eða selja eða taka þátt í viðskiptum með nokkurs konar fjármálagerninga sem eru útgefnir, tryggðir eða með öðrum hætti studdir af metinni einingu á megingreiningarsviði þeirra, aðra en eignarhluta í eignadreifðum sameiginlegum fjárfestingarsjóðum, þ.m.t. stýrðum sjóðum svo sem lífeyrissjóðum eða líftryggingum.
2. Enginn þeirra aðila sem um getur í 1. lið má taka þátt í eða með öðrum hætti hafa áhrif á ákvörðun lánshæfismats tiltekinnar metinnar einingar ef sá aðili:
 - a) á fjármálagerninga í metnu einingunni, aðra en eignarhlutdeild í eignadreifðum sameiginlegum fjárfestingarsjóðum,
 - b) á fjármálagerninga í einingu sem er tengd metinni einingu og eignarhald hennar getur valdið eða getur almennt talist valda hagsmunaárekstri, öðrum en eignarhlutdeild í eignadreifðum sameiginlegum fjárfestingarsjóðum,
 - c) hefur nýlega tengst metnu einingunni í gegnum ráðningu, viðskipti eða með öðrum hætti sem getur valdið eða getur almennt talist valda hagsmunaárekstri.
3. Lánshæfismatsfyrirtæki skulu tryggja að þeir aðilar sem um getur í 1. lið:

⁽¹⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/72/EB frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar viðurkenndar markaðsvenjur, skilgreiningu á innherjaupplýsingum í tengslum við afleidd vöruskuldaskjöl, samningu innherjaskráar, tilkynningu um viðskipti stjómenda og tilkynningu um grunsamleg viðskipti (Stjtið. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 70).

- a) geri allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda eignir og gögn í eigu lánsþátttakafyrirtækis fyrir svikum, þjófnaði eða misnotkun, að teknu tilliti til eðlis, umfangs og flækjustígs starfsemi fyrirtækisins og eðlis og umfangs lánsþátttakastarfseminnar.
 - b) birti ekki upplýsingar um lánsþátttöku eða mögulegt framtíðarlánsþátttöku lánsþátttakafyrirtækisins, nema metnu einingarinnar eða tengds þriðja aðila,
 - c) deili ekki trúnaðarupplýsingum, sem lánsþátttakafyrirtækinu er trúað fyrir, með greinendum og starfsmönnum nokkurs aðila sem er tengdur því með beinum eða óbeinum hætti í gegnum yfirlit, né nokkrum öðrum einstaklingi, sem veitir þjónustu, sem stendur til boða eða er undir eftirliti nokkurs aðila, sem er tengdur því með beinum eða óbeinum hætti í gegnum yfirlit, og sem tekur ekki beinan þátt í lánsþátttakastarfsemi og
 - d) noti ekki eða deili trúnaðarupplýsingum í þeim tilgangi að eiga viðskipti með fjármálagerninga, eða í öðrum tilgangi en að annast lánsþátttakastarfsemi.
4. Aðilar sem um getur í 1. lið skulu ekki falast eftir eða þiggja peninga, gjafir eða greiða frá neinum sem lánsþátttakafyrirtæki á viðskipti við.
 5. Ef aðili sem um getur í 1. lið telur að annar þess háttar aðili hafi tekið þátt í háttsemi sem hann telur vera ólöglega, skal hann tilkynna regluverði tafarlaust um það án þess að það hafi neikvæðar afleiðingar fyrir hann sjálfan.
 6. Ef greinandi lætur af störfum og tekur til starfa hjá metinni einingu sem hann hefur tekið þátt í að meta, eða fjármálafyrirtæki sem hann hefur átt samskipti við vegna starfa sinna hjá lánsþátttakafyrirtæki skal lánsþátttakafyrirtæki endurskoða viðkomandi verk greiningaraðila á síðustu tveimur árum fyrir starfslok hans.
 7. Aðila sem um getur í 1. lið er ekki heimilt að taka við lykilstjórnunarstöðu hjá metnu einingunni eða tengdum þriðja aðila innan sex mánaða frá lánsþátttöku.
 8. Að því er 4. mgr. 7. gr. varðar skulu lánsþátttakafyrirtæki tryggja að:
 - a) aðalgreinandi taki ekki þátt í lánsþátttakastarfsemi varðandi sömu metnu eininguna eða tengda þriðju aðila lengur en fjögur ár í senn,
 - b) greinandi taki ekki þátt í lánsþátttakastarfsemi varðandi sömu metnu eininguna eða tengda þriðju aðila hennar lengur en fimm ár í senn,
 - c) aðilar sem samþykkja lánsþátttöku skulu ekki taka þátt í lánsþátttakastarfsemi varðandi sömu metnu eininguna eða tengda þriðju aðila hennar lengur en sjö ár í senn.

Þeir aðilar sem um getur í a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar skulu ekki taka þátt í lánsþátttakastarfsemi varðandi metnu eininguna eða tengda þriðju aðila, sem um getur í þeim liðum, innan tveggja ára frá lokum þess tímabils sem sett er fram í þeim liðum.

D-ÞÁTTUR

Reglur um framsetningu lánsþátttakastarfseminnar

1. Almennar skyldur

1. Lánsþátttakafyrirtæki skal tryggja að á öllu lánsþátttöku sé nafn og starfstíttill aðalgreinanda tiltekinn lánsþátttakastarfsemi tekinn fram með skýrum og áberandi hætti ásamt nafni og stöðu þess aðila sem ber höfuðábyrgð á samþykkt lánsþátttakastarfseminnar.
2. Lánsþátttakafyrirtæki skal a.m.k. tryggja að:
 - a) allar efnislegar heimildir, þ.m.t. metna einingin eða tengdur þriðji aðili eftir því sem við á, sem voru notaðar við gerð lánsþátttakastarfseminnar, séu tilgreindar saman ásamt upplýsingum um það hvort lánsþátttöku hafi verið birt viðkomandi metinni einingu eða tengdum þriðja aðila hennar og hafi því næst verið breytt áður en það var gefið út,

- b) helsta aðferð eða útgáfa aðferðar sem notuð var við ákvörðun mats sé skýrt tilgreind, með tilvísun í ítarlega lýsingu á henni; ef lánshæfismat byggist á fleiri en einni aðferð, eða ef tilvísun eingöngu í helstu aðferð gæti valdið því að fjárfestar horfðu framhjá öðrum mikilvægum þáttum lánshæfismats, þ.m.t. hvers konar mikilvægum breytingum og frávikum, skal lánshæfismatsfyrirtæki skýra frá því í lánshæfismatinu og upplýsa með hvaða hætti mismunandi aðferðir eða aðrir þættir eru teknir til greina við lánshæfismat,
 - c) merking hvers matsflokks, skilgreining á vanskilum eða endurheimtum og hvers konar viðeigandi áhættuviðvörðun, þ.m.t. næmisgreining á viðeigandi lykilorðum, svo sem stærðfræði- eða fylgni-forsendum, ásamt lánshæfismati í verstu, hugsanlegu tilvikum sem og í bestu hugsanlegu tilvikum, sé útskýrð,
 - d) dagsetning þegar lánshæfismatið var fyrst gefið út til dreifingar og hvenær matið var síðast uppfært sé tilgreind með skýrum og áberandi hætti og
 - e) upplýsingar séu gefnar um það hvort lánshæfismat varði nýlega útgefinn fjármálagerning og hvort lánshæfismatsfyrirtæki sé að meta fjármálagerning í fyrsta sinn.
3. Lánshæfismatsfyrirtæki skal upplýsa metnu eininguna um lánshæfismatið og um helstu forsendur þess í síðasta lagi 12 klukkustundum fyrir birtingu matsins, í því skyni að gefa einingunni tækifæri til að vekja athygli lánshæfismatsfyrirtækisins á hvers konar staðreyndavillum.
 4. Lánshæfismatsfyrirtæki skal við birtingu lánshæfismats tilgreina með skýrum og áberandi hætti hvers konar eiginleika og takmarkanir matsins. Einkum skal lánshæfismatsfyrirtæki við birtingu lánshæfismats tilgreina með áberandi hætti hvort það telji aðgengilegar upplýsingar um metnu eininguna fullnægjandi að gæðum og að hvaða marki lánshæfismatsfyrirtækið hefur staðfest upplýsingar sem metna einingin eða tengdur þriðji aðili hefur veitt því. Ef lánshæfismat nær yfir tegund einingar eða fjármálagernings sem takmarkað magn sögulegra gagna er til um, skal lánshæfismatsfyrirtæki með áberandi hætti skýra frá þess konar takmörkunum á lánshæfismati.

Í tilviki þar sem skortur er á áreiðanlegum gögnum eða flækjustig nýrrar tegundar fjármálagernings eða gæði aðgengilegra upplýsinga eru ófullnægjandi eða vekja upp alvarlegar spurningar um það hvort lánshæfismatsfyrirtæki geti gert áreiðanlegt lánshæfismat, skal lánshæfismatsfyrirtæki sleppa því að gefa út lánshæfismat eða afturkalla núverandi lánshæfismat.

5. Þegar lánshæfismatsfyrirtæki tilkynnir lánshæfismat skal það útskýra lykilorð forsendur þess í fréttatilkynningum sínum eða skýrslum.

Ef birting upplýsinga sem settar eru fram í 1., 2. og 4. lið er ekki í hæfilegu hlutfalli við lengd skýrslu sem miðlað er skal nægja að vísa í skýrslunni á greinilegan og áberandi hátt til þess staðar þar sem beinn og auðveldur aðgangur er að slíkum upplýsingum, þ.m.t. bein vefslóð á viðeigandi vefsetri lánshæfismatsfyrirtækis.

II. Viðbótarskýldur í tengslum við lánshæfismat samsettra fjármálagerninga

1. Ef lánshæfismatsfyrirtæki metur samsettan fjármálagerning, skal það í lánshæfismatinu leggja fram allar upplýsingar um tap- og sjóðstreymisgreiningar sem gerðar voru eða sem matið var byggt á og upplýsingar um hvers konar væntar breytingar á lánshæfismati.
2. Lánshæfismatsfyrirtæki skal tilgreina á hvaða stigi það hefur metið ferli áreiðanleikakannana sem gerðar eru á undirliggjandi fjármálagerningum eða á öðrum eignum samsettra fjármálagerninga. Lánshæfismatsfyrirtækið skal upplýsa um það hvort það hafi framkvæmt þess háttar mat á ferlum áreiðanleikakannana eða hvort það hafi treyst á mat þriðja aðila og þá hvernig niðurstaða þess mats hefur áhrif á lánshæfismatið.
3. Ef lánshæfismatsfyrirtæki gefur út lánshæfismat á samsettum fjármálagerningum, skulu með upplýsingum um aðferðir, líkön og lykilorð forsendur matsins fylgja leiðbeiningar sem skýra forsendur, breytur, mörk og óvissuþætti varðandi líkön og aðferðir við matið, þ.m.t. hermun álagsaðstæðna sem matsfyrirtækin nota við ákvörðun mats. Leiðbeiningarnar skulu vera skýrar og auðskiljanlegar.

4. Lánshæfismatsfyrirtæki skal upplýsa, á áframhaldandi grundvelli, um allar samsettar fjármálaafurðir sem lagðar eru fyrir það til fyrstu athugunar eða bráðabirgðamats. Sú birting upplýsinga skal eiga sér stað hvort sem útgefendur gera samning við lánshæfismatsfyrirtæki um endanlegt mat eður ei.

E-ÞÁTTUR

Birting upplýsinga

I. Almennar upplýsingar

Lánshæfismatsfyrirtæki skal almennt upplýsa um að það sé skráð í samræmi við þessa reglugerð auk eftirfarandi upplýsinga:

1. hvers konar raunverulega og mögulega hagsmunaaðrekstra sem um getur í 1. lið B-þáttar,
2. lista yfir alla stoðþjónustu þess,
3. stefnu lánshæfismatsfyrirtækis varðandi útgáfu lánshæfismats og annarra tengdra boðskipta,
4. almenna eiginleika launafyrirkomulags matsfyrirtækis,
5. aðferðir, og lýsingar á líkönum og lykilforsendum, s.s. stærðfræði- og fylgniforsendum sem notaðar eru við lánshæfismatsstarfsemi sem og efnislegum breytingum á þeim,
6. allar efnislegar breytingar á kerfum þess, aðföngum eða ferlum og
7. siðareglur þess, ef við á.

II. Reglubundin birting upplýsinga

Lánshæfismatsfyrirtæki skal reglubundið birta eftirfarandi upplýsingar:

1. á sex mánaða fresti, gögn um söguleg vanskilahlutföll matsflokka stofnunar, aðgreind að því er varðar landsvæði útgefenda og hvort vanskilahlutföll þessara flokka hafi breyst með tímanum,
2. árlega, eftirtaldar upplýsingar:
 - a) lista yfir 20 stærstu viðskiptavinum lánshæfismatsfyrirtækis eftir tekjum sem þeir skila því og
 - b) lista yfir þá viðskiptavinum lánshæfismatsfyrirtækis sem skiluðu því vaxtarhraða í tekjumyndun á undan-gengnu fjárhagsári sem nam meira en 1,5 földum vaxtarhraða heildartekna fyrirtækisins það sama ár. Hver sá viðskiptavinur skal aðeins vera á listanum ef hann á því ári skilaði lánshæfismatsfyrirtækinu meira en 0,25% af heildartekjum þess á heimsvísu.

Að því er þennan lið varðar merkir „viðskiptavinur“ einingu, dótturfélög hennar og tengdar einingar, sem fyrrnefnda einingin á meira en 20% eignarhlutdeild í, sem og allar aðrar einingar sem einingin hefur samið um að sjá um samsetta skuldabréfaútgáfu fyrir, fyrir hönd viðskiptavinar, og þar sem þóknun var greidd, beint eða óbeint, til lánshæfismatsfyrirtækis fyrir mat á þeirri útgáfu.

III. Skýrsla um gagnsæi

Lánshæfismatsfyrirtæki skal árlega gera eftirfarandi upplýsingar aðgengilegar:

1. ítarlegar upplýsingar um rekstrarform að lögum og eignarhald lánshæfismatsfyrirtækis, þ.m.t. upplýsingar um eignarhlutdeild í skilningi 9. og 10. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað ⁽¹⁾,
2. lýsingu á innra eftirlitskerfi sem tryggir gæði lánshæfismatsstarfsemi stofnunar,

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.

3. tölfraeðilegar upplýsingar um fjölda starfsfólks sem vinnur að nýju lánsþæfismati, endurskoðun lánsþæfismats, mati á aðferðum eða líkönum og yfirstjórn,
4. lýsingu á stefnu þess varðandi skráahald,
5. niðurstöðu árlegrar innri endurskoðunar óháðrar regluvörslu þess,
6. lýsingu á stefnu þess varðandi víxlun stjórnenda og greinanda,
7. fjárhagslegar upplýsingar um tekjur lánsþæfismatsfyrirtækis, skipt niður í tekjur af lánsþæfismati og af annarri starfsemi ásamt ítarlegri lýsingu á hvorum flokki og
8. yfirlýsingu um stjórnunarhætti í skilningi 1. mgr. 46. gr. a tilskipunar ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978 um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ⁽¹⁾. Að því er varðar þá yfirlýsingu, skal lánsþæfismatsfyrirtæki leggja fram upplýsingar sem um getur í d-lið 1. mgr. 46. gr. a þeirrar tilskipunar, án tillits til þess hvort hún falli undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/25/EB frá 21. apríl 2004 um yfirtökutilboð ⁽²⁾.

II. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM LEGGJA SKAL FRAM VIÐ UMSÓKN UM SKRÁNINGU

1. Fullt nafn lánsþæfismatsfyrirtækis, heimilisfang skráðrar skrifstofu í Bandalaginu
2. Nafn og samskiptaupplýsingar tengiliðs og regluvarðar
3. Réttarstaða
4. Flokk lánsþæfismats sem lánsþæfismatsfyrirtæki sækir um að skrá sig fyrir
5. Fyrirkomulag eignarhalds
6. Stjórnskipulag og stjórnunarhætti stofnunar
7. Fjármagn til framkvæmdar lánsþæfismatsstarfsemi
8. Starfsfólk lánsþæfismatsfyrirtækis og sérþekking þess
9. Upplýsingar varðandi dótturfélög lánsþæfismatsfyrirtækis
10. Lýsingu á verklagsreglum og aðferðum sem notaðar eru við útgáfu og endurskoðun lánsþæfismats
11. Stefnur og verklagsreglur við greiningu, stjórnun og birtingu upplýsinga varðandi hvers konar hagsmunarárekstra
12. Upplýsingar um greinanda
13. Fyrirkomulag endurgjalds og frammistöðumats
14. Þjónusta, önnur en lánsþæfismatsstarfsemi, sem lánsþæfismatsfyrirtæki fyrirhugar að veita
15. Starfsáætlun, þ.m.t. upplýsingar um hvar meginstarfsemi verður staðsett, útibú stofnuð og það hvers konar starfsemi er fyrirhuguð
16. Skjöl og ítarlegar upplýsingar í tengslum við vænta notkun áritunar
17. Skjöl og ítarlegar upplýsingar í tengslum við vænt fyrirkomulag útvistunar, þ.m.t. upplýsingar um einingar sem taka að sér útvistaða starfsemi.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 222, 14.8.1978, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 142, 30.4.2004, bls. 12.